



Bókhladan

Canon

Canon

Verð kr. 96.800 m/vsk



- Printa/afrita: A4 • Afi: 100 línur á millinu
- Printa/afrita: 600 x 600 dpi • 2400 x 600 dpi
- 1200 línur á millinu • 100 línur á millinu
- Vinnuleiki: 24/7 • Hæðingartíðni: 100 línur á millinu
- 10/10 (printari) (skráðunefni)
- Byggt: Windows 95/98/NT/2000/XP

Bæjarins besta

Miðvikudagur 22. janúar 2003 • 3. tbl. • 20. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Vefang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

NV-kjördæmi

Engilbert í heiðurssæti

Engilbert Ingvarsson, sem venjulega er kenndur við Tirðilmýri á Snæfjallaströnd (Berti á Mýri), skipar heiðurssætið á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Norð-vesturkjördæmi.

Á þessu ári munu vera 55 ár frá því að Engilbert var fyrst kjörinn til trúnaðarstarfa fyrir flokkinn en hann verður 75 ára á árinu. Á löngum ferli mun hann hafa gegnt því sem næst öllum trúnaðarstöðum innan flokkskerfisins fyrir utan formennsku, varaformennsku og setu á Alþingi.

Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið í Ísafjarðarbæ í sumar

Vel á annað þúsund keppendur taka þátt í mótinu

Stjórn Ungmennafélags Íslands ákvað á fundi sínum á föstudag að Unglingalandsmót UMFÍ 2003 verði haldið í Ísafjarðarbæ. Mótið verður um verslunarmannahelgina og má búast við á annað þúsund keppendum. Fimm umsóknir bárust um að fá að halda mótið og varð umsókn Héraðssambands Vestfirðinga (HSV) hlutskörpust.

Björn Bjarnald Jónsson, formaður UMFÍ, sagði í sam-

tali við blaðið að allir umsækjendur hefðu skilað inn greinargerð með umsóknum sínum. Auk þess hefði stjórnin ásamt framkvæmdastjóra farið á alla staðina og skoðað aðstæður. Niðurstaðan varð sú að tveir staðir væru álitlegastir, Ísafjarðarbær og Dalvíkurbyggð, og stóð endanlegt val á milli þeirra.

Ekki náðist einhugur um niðurstöðuna innan stjórnar UMFÍ og voru greidd atkvæði

um staðina tvo. Þar hlaut Ísafjarðarbær fjögur atkvæði en Dalvíkurbyggð þrjú. Fremur fátítt mun að mál af þessu tagi komi til atkvæðagreiðslu.

Greinargerð HSV þótti mjög góð og vel rökstudd og sagði Björn að þar hefði margt spennandi komið fram. Meðal þess sem studdi að þessari niðurstöðu var sú staðreynd, að aldrei hefur stórmót á vegum UMFÍ verið haldið á norðanverðum Vestfjörðum. Hins

vegar var Unglingalandsmótið ekki alls fyrir löngu haldið á sunnanverðum Vestfjörðum og mun einhverjum hafa þótt það mæla á móti því að mótið yrði haldið í Ísafjarðarbæ að þessu sinni.

Á Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið var í Stykkishólmi á síðasta ári komu alls milli sex og sjö þúsund gestir. Björn taldi rétt að stefna að því að þeir yrðu ekki færri á mótinu í sumar.

Orkubú Vestfjarða hf.

Vaxandi líkur á virkjun Tunguár

Sjái bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar ekki meinbugi á áformum Orkubús Vestfjarða um virkjun Tunguár í Tungudal í Skutulsfirði verður ráðist í hönnun verksins. Umhverfisnefnd bæjarins hefur fjallað um málið og sér enga meinbugi á framkvæmdinni, sem er ekki stærri en svo, að ekki er skylt að fara með hana í umhverfismat.

Ætlunin er að nýta nánast allt umframvatn úr Vestfjarðagöngum, auk vatnsins sem kemur ofar í Tunguá. Með því mun Orkubúið taka nokkra áhættu þar sem Vatnsveita Ísafjarðarbæjar hefur algeran for-

gang að vatninu úr Vestfjarðagöngum. Ef miðla þarf meira vatni á vegum Vatnsveitunnar þarf því að taka það af Orkubúinu.

Rennsli úr Vestfjarðagöngum er mjög stöðugt og mun



Höfuðstöðvar Orkubús Vestfjarða hf. á Ísafirði.

það vatn verða ráðandi í stærð virkjunarinnar. Talið er nokkuð víst að árfarvegurinn milli

inntaks og stöðvarhúss verði nánast þurr í mikilli þurrkatíð. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar

hyggst ræða þetta mál nánar við Kristján Haraldsson orkubússtjóra.



Gríðarleg viðbrögð alls staðar af landinu

– segir Hlynur Snorrason, Vestfirðingur ársins 2002 í opnuviðtali

/SAMKAUP/
einkaveitingar

OPIÐ:

Virka daga
kl. 09 - 21

Laugardaga
kl. 10 - 21

Sunnudaga
kl. 12 - 21

Verið
velkomin!

/SAMKAUP/
einkaveitingar

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

Skip og bíll

Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP

Flytjandi

www.eimskip.is • Sími 456 5100

www.flytjandi.is • Sími 456 5100



Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Bláðamaður:

Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is

Ritstjóri netútgáfu:

Hlynur Þór Magnússon
sími 892 2240
hlynur@bb.is

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson

Fréttavefur: www.bb.is

Önnur útgáfa:

Á ferð um Vestfirði

Umboðsaðilar BB:

Eftirtaldir aðilar sjá um
dreifingu á blaðinu á þétt-
býlisstöðum utan Ísa-
fjarðar: **Bolungarvík:**

Sólveig Sigurðardóttir,
Hlíðarstræti 3, sími 456

7305. **Súðavík:** Sólveig

Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími

456 4106. **Súðureyri:**

Deborah Anne Ólafsson,
Aðalgötu 20, sími 898

6328. **Flateyri:** Gunnhildur

Brynjólfsdóttir, Brimnesvegi

12a, sími 456 7752.

Þingeyri: Anna Signý

Magnúsdóttir, Hlíðargötu

14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði:

Hamraborg, Hafnarstræti

7, sími 456 3166. **Flug-**

barinn, Ísafjarðarflugvelli,

sími 456 4772. **Bónus,**

Ljóninu, Skeiði, sími 456

3230. **Bókhláðan,** Hafn-

arstræti 2, sími 456 3123.

Bensinstöðin, Hafnarstræti,

sími 456 3574. **Samkaup,**

Hafnarstræti 9-13, sími 456

5460. **Krílið,** Sindragata 6,

sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250
eintakið m.vsk. Áskriftarverð
er kr. 215 eintakið. Veittur
er afsláttur til elli- og
örorkulífeyrisþega. Einnig
sé greitt með greiðslukorti.

Messíana Tómasdóttir ráð- in til að sjá um leikmynd

Enn styrkist hópurinn sem stendur að baki uppfærslunni á Söngvaseið (Sound of Music) á Ísafirði. Nú hefur verið gengið frá samningi við Messíönu Tómasdóttur leikmynda- höfund, sem er meðal hinna reyndustu og færustu á sínu sviði hérlandis, um að hún stýri gerð leikmynda fyrir verkið.

Mun samningurinn tryggja aðstandendum sýningarinnar aðgang að leikmyndateikningum og búningum en Messíana vann við uppsetningu verksins hjá Leikfélagi Akureyrar fyrir nokkrum árum. Eins og áður hefur komið fram er Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri uppfærslunnar á Ísafirði.

Greipur Gíslason, ritari Litla leikklúbbsins, sem stendur að uppfærslunni í samvinnu við Tónlistarskóla Ísafjarðar, segir mikinn feng

fyrir sýninguna í kunnáttu Messíönu og þekkingu. „Þetta eru mjög ánægjuleg tíðindi og tilkoma hennar á eftir að auðvelda okkur að gera sýninguna sem glæsilegasta úr garði.“

Messíana segir að uppsetning á Söngvaseið geri miklar kröfur til leikmynda og búninga. Í verkinu séu senurnar 21 og því mikið af skiptingum sem þarf að gera á sviðinu. „Þetta er mikil búningasýning og sviðsmyndin verður að vera flott“, segir hún.

Tómas Albertsson, faðir Messíönu, er fæddur og uppalinn á Ísafirði og dvaldist hún mikið hér vestra sem barn. Segir hún afar ánægjulegt að hafa ráðið sig til verksins á Ísafirði. „Ég hef ekki komið til Ísafjarðar síðan ég var tólf ára og það eru því fimmtíu ár frá því að ég kom hingað síðast. Ég vann mikið með Þór-



Guðrún Jónsdóttir syngur hlutverk barnfóstrunnar Maríu Reiner á æfingu á síðustu helgi, en með henni eru nokkur af börnunum kapteins von Trapp.

hildi Þorleifsdóttir hér áður fyrr og hlakka til að koma aftur að Söngvaseið. Það má því segja að þetta séu margháttaðir endurfundir hjá mér“, segir hún.

Þetta verður fjórða skiptið sem Söngvaseiður er færður upp hérlandis og fyrsta skiptið sem áhugaleikhús ræðst í verkefnið hér á landi. Áður hefur sýningin verið færð upp

í tvígang í Þjóðleikhúsinu og einu sinni hjá Leikfélagi Akureyrar. Æfingar á verkinu fóru fram um nýliðna helgi í Hörmrum, sal Tónlistarskólans á Ísafirði.

Fjórðungssambandið

Reksturinn sameinaður Atvinnu- þróunarfélaginu?

Í samtali við Guðna Geir Jóhannesson, stjórnarformann Fjórðungssambands Vestfirðinga, í Svæðisútvarpi Vestfjarða fyrir helgina kom fram, að unnið sé að því innan vébanda Fjórðungssambandsins og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða að daglegur rekstur þessara stofnana verði sameinaður.

Ingimar Halldórsson,

framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga, segir að gerð hafi verið samþykkt á síðasta Fjórðungsþingi þess efnis að taka rekstur sambandsins til endurskoðunar. „Við rétt að byrja að fara yfir þessi mál og engar viðræður í gangi eða slíkt. Það er ekkert að fréttast af þessu ennþá“, segir Ingimar Halldórsson.



Fimir fætur í Edinborg

Það er físléttur en jafnframt agaður andi sem blasir við í Edinborgarhúsinu á Ísafirði þar sem ungar stúlkur nema ballett. Kennari þeirra er hin rússneska Kateryna Pavlova. Þetta er annað árið sem ballett er kenndur við Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar og þykja stúlkurnar sem eru á öðru ári í náminu hafa tekið miklum framförum í fótamenntinni. Ísafjörður mun vera eini staðurinn utan Reykjavíkur þar sem nú fer fram balletkennsla.

bb.is

púlsinn fyrir vestan

RITSTJÓRNARGREIN

Unglingalandsmót UMFÍ 2003

Unglingalandsmót Ungmennafélags Íslands 2003 verður haldið í Ísafjarðarbæ um verslunarmannahelgina. Þetta eru mikil og ánægjuleg tíðindi, uppörvun fyrir áhugamenn um íþróttir og vonandi skref í þá átt að við sjáum okkur fært að halda Landsmót UMFÍ innan ekki alltof margra ára.

Það er hverju bæjarfélagi sómi að Unglingalandsmóti UMFÍ. Ef litíð er til fyrri móta má reikna með að á annað þúsund ungmennti komi til bæjarins til að etja kappi sín í millum í hollum leikjum. Þessu tengdu má reikna með að fimm þúsund manns sækji Ísafjörð heim um verslunarmannahelgina. Það er því mikið í húfi að vel til takist.

Þótt frjálsar íþróttir hafi ekki verið iðkaðar á Ísafirði langtímum saman muna Ís-firðingar sinn fífil fegri í þeim efnum. Á fjórða og fimmta áratug síðustu aldar stóðu frjálsar íþróttir með nokkrum blóma á Ísafirði. Íþróttafélögin kepptu um titilinn „Besta íþróttafélag Vestfjarða“ og bæjarkeppni var háð við Siglfirðinga. Á þessum árum komu fram íþróttamenn sem síðar urðu landsfrægir og kepptu fyrir Íslands hönd erlendis. Hæst ber þar Finnþjórn Þorvaldsson og Guðmund Hermannsson.

Nöfn þessara manna eru ekki á hvers manns vörum í dag þótt þau hafi á sínum tíma verið greytt í huga sérhvers áhugamanns um íþróttir. Hápunktur frjálsra íþróttaráttanna hér um slóðir er þó vafalaust heimsókn landsins bestu íþróttamanna þess tíma, með sjálfan Gunnar Huseby í fararbroddi. Sá viðburður gleymist þeim seint er á horfðu.

Margan unglinginn dreymir um að feta í fótspor afreksmanna í íþróttum. Þeir eru stjórnurnar, fyrirmyndirnar, sem ungmenntin dá og dýrka. Sú blinda stjórnudýrkun sem viðgengst í mörgum íþróttageinum er tvieggjuð, svo ekki sé meira sagt. Gamla góða markmiðið „að vera með“, sem birtist í þátttöku á annað þúsund keppenda á Unglingalandsmótum þar sem hver og einn stendur (vonandi) sæll og ósár að lokum, eftir að hafa gert sitt besta, má ekki undir neinum kringumstæðum gleymast. Í því felst gildi íþróttaráttanna öðru fremur.

Héraðssamband Vestfirðinga á þakkið skilið fyrir frumkvæðið að því að fá Unglingalandsmót UMFÍ 2003 til Ísafjarðar, bæjaryfirvöld fyrir stuðning þeirra og síðast en ekki síst ber að þakka stjórn Ungmennafélags Íslands fyrir ákvörðun sína.

s.h.

Afföll á húsbréfum gætu minnkað enn frekar

– segir Torfi Jóhannsson hjá Íslenskum verðbréfum hf. á Ísafirði

Þrátt fyrir að yfirgnæfandi líkur séu á því að virkjað verði við Kárahnjúka vænta aðilar á fjármálamarkaði ekki vaxtahækkunar í bráð þar sem slaki í efnahagslífinu er enn mikill. „Áhrifa þessara framkvæmda fer ekki að gæta í aukinni þenslu fyrr en eftir rúmt ár eða tvö og þess vegna vænta markaðsaðilar þess að vextir verði lækkaðir eitthvað meira áður en til hækkana kemur“, segir Torfi Jóhannsson, forstöðumaður Íslenskra

verðbréfa hf. á Ísafirði. Þó mun vera nokkur óvissa um það hversu mikið svigrúm sé til vaxtalækkunar og hvernær þess megi vænta að aukin umsvif komi fram í efnahagslífinu sem gefi tilefni til vaxtahækkana á ný. „Menn eru að horfa á þessi skilaboð frá ríkinu um að þar verði framkvæmdum flýtt með það fyrir augum að framkvæmdaþunginn þar skarist ekki við virkjana- og álversframkvæmdir“, segir Torfi.

Ávöxtunarkrafa húsbréfa er með lægsta móti í dag eða tæp 3% en var um 12% í apríl á síðasta ári. Segist Torfi sjá í spílunum frekari lækkun á ávöxtunarkröfu þeirra og þar með afföllum. „Það verður aukin eftirspurn eftir þessum pappír og þar eru menn að horfa til hugsanlegrar vaxtalækkunar og eins á það að bréfin eru verðtryggð. Það kæmi mér ekki á óvart að við ættum eftir að sjá afföllin af húsbréfunum hverfa þegar kemur fram á vorið“, segir hann.

Þó að mikill slaki sé í efnahagslífinu nú um stundir munu aðilar á markaði gjalda varhug við því að hugsanlega geti verðbólga aukist á nýjan leik. En þar er verið að horfa til áhrifa af ríkisframkvæmdum og þeirrar sögulegu staðreyndar að jafnan aukist verðbólga í kringum kosningar. „Staða mála akkúrat í dag gefur ekki tilefni til verðbólgu en menn virðast vilja hafa allt á þurru í þeim efnum“, segir

Torfi.

Rétt er að rifja upp að almennt kalla aukin umsvif í efnahagslífinu á vaxtahækk-anir. Hækkun stýrivaxta hefur áhrif yfir allt sviðið og veldur hækkun á ávöxtunarkröfum hlutabréfa og skuldabréfa, þar

með talið húsbréfa. Hækkun á ávöxtunarkröfu gerir verðbréfin verðminni og í tilviki húsbréfa þýðir það aukin af-föll. Breytingar á ávöxtunarkröfu hafa meiri áhrif á verð lengri bréfa eins og húsbréfa, sem geta verið til allt að 40

ára, en á verð styttri bréfa eins og ríkisvísla sem koma á gjalddaga innan árs frá útgáfu. Þess vegna er gott að eiga löng bréf þegar vextir lækka og bréfin hækka í verði en stutt bréf þegar vextirnir hækka og bréfin lækka í verði.



Torfi Jóhannsson, forstöðumaður Íslenskra verðbréfa.

Fyrsta plata Einars Arnar í vinnslu

Lognið á undan storminum

Eftir þrjár-fjórar vikur er væntanleg fyrsta platan frá bolvíska trúbadúrnum Einari Erni Konráðssyni en í síðustu viku var hann við upptökur í stúdíói Rafns Jónssonar í Hafnarfirði. Þeim er nú lokið en hljóðblöndunin er eftir. Á disknum sem mun bera nafnið „Lognið á undan storminum“ verða átta lög. Sex þeirra eru eftir Einar Örn sjálfan, eitt eftir Tóta Ripper frá Suðureyri og nefnist það Bláa höndin og loks verður þar lagið Seinna meir sem hljómsveitin Short Notice gaf út í fyrrasumar. Einar Örn segir að ef til vill fljóti líka með einhverjar „demo“-upptökur frá liðnum árum.

Enda þótt þetta sé fyrsti diskurinn frá hendi Einars Arnar hafa nokkur laga hans verið spiluð á öldum ljósvakans. Hann annast nærfellt allan hljóðfæraleik á plötunni og sönginn líka nema hvað Tinna frá Suðureyri syngur með honum í tveimur lögum. Saxófónleikarinn Einar Bragi Bragason sem var í Stjórninni kemur einnig við sögu á disknum.

Diskurinn Lognið á undan storminum er gefinn út til minningar um Ísfirðinginn Magnús Frey Sveinbjörnsson sem lést með sviplefum hætti á síðasta ári. Einar Örn kveðst ætla að styrkja málefni gegn ofbeldi með sölnunni.

Unnið að auknu samstarfi sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum

Mörg mál sem þarf að taka á

„Við vorum að kynna hver öðrum og ræða samstarfsvettvang sveitarfélaganna“, segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ, en á mánudag sat hann yfir kaffibolla á Hótel Ísafirði ásamt þeim Einari Péturssyni, nýráðnum bæjarstjóra í Bolungarvík, og Ómari Jónssyni, sem ekki alls fyrir löngu tók við starfi sveitarstjóra í Súðavíkurbreppi. Við erum að leggja drög að fundi bæjarráða þessara sveitarfélaga en þau héldu saman fund í ágúst. Það er nýmæli að bæjarráð þessara þriggja sveitarfélaga eigi slíkan samstarfsvettvang en á síðasta kjörtímabili komu bæjarráð Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkurkaupstaðar saman til fundar“, segir Halldór. „Það eru mörg mál sem þarf að taka á. Til að mynda er búið að samþykkja lög þess efnis að sveitarfélög með færri en 1.500 íbúa, eins og Bolungarvíkurkaupstaður



Ómar, Halldór og Einar glaðir í bragði á fundinum á Hótel Ísafirði.

og Súðavíkurbreppur eru, megi ekki starfrækja barnaverndarnefndir. Við erum því að leita samstarfs um það mál. Við viljum skerpa á öllum samstarfsvettvangi þessara sveitarfélaga og sameiginlegum rekstri þeirra. Tilgangurinn er að styrkja þá hugmynd að það sé hægt að líta á þetta sem eitt svæði eins og gert er í Byggðaaætlun. Það að við

skulum starfa saman og samþæfa okkar aðgerðir styrkir og eflir svæðið út á við“, segir Halldór. Á síðasta fundi bæjarráðanna lýstu þau yfir vilja til að taka út rekstur sameiginlegra stofnana sveitarfélaganna á norðanverðum Vestfjörðum og skoða alla hugsanlega möguleika á frekara samstarfi þeirra. Í samþykkt þeirra segir að markmið sveitarfélaganna

sé að tryggja betur rekstrarafkomu þeirra og bæta enn frekar þjónustu við íbúana. Í því skyni verði skipuð þriggja manna samstarfsnefnd með fulltrúa frá hverju sveitarfélaganna þriggja. Henni verði heimilt að kalla til ráðgjafa sem vinni með nefndinni að úttekt og könnun á möguleika á frekara samstarfi.

NÆR VERA
Ljósmyndir, Skotbönd
Sími 456 4541

Eitthvað fyrir alla

RÝMINGARSALA
Í FULLUM GANGI VEGNA FLUTNINGA



Flakkar til að verða gam- all úrillur karl á Flateyri

Tónlistarmaðurinn Sigurður Björnsson, sem sjaldan eða aldrei er kallaður annað en **Siggi Björns**, hefur nú á annan áratug flakkað um víða veröld og spilað á börum og á stærri tónleikastöðum. **Siggi segir að tónlistarferillinn hafi byrjað fyrir slysi og hann hafi aldrei tekið meðvitaða ákvörðun um að gerast tónlistarmaður. Fyrir nokkru dvaldist hann í faðmi fjölskyldu og vina á Flateyri og þegar rætt var við hann var hann á sínum öðrum bala í beitningaskúr við hafnarkantinn.**

Plataður til að beita í tvo eða þrjá daga

Skúrin er óvenju vel lyktandi, að minnsta kosti miðað við marga aðra beitningaskúra. **Siggi segir að Flateyringar hafi alla tíð verið mjög framarlega í öllum aðbúnaði beitningamanna og snyrtimennsku.**

„Ég er nú að beita á sama stað og ég gerði þegar ég beitti fyrst, þá fjórtán ára gamall. Samt kom ég ekki til Flateyrar núna til þess að fara að beita. Ég kom til þess að slaka á og spila í félagsheimilinu. Síðan var runnið á mig og ég beðinn um að beita í tvo eða þrjá daga. Við hafði gefið á sjó að undanförmu og þess vegna var farið að vanta beitningu. Ég sló til en ég hef ekkert beitt í tvö ár og reyndar sama og ekki neitt alveg síðan ég byrjaði að spila.

Ég sá þegar ég kom í skúrinn að einhver hafði límt upp á vegg texta að laginu Beitningatremma sem ég samdi fyrir allnokkru og fjallar eins og nafnið gefur til kynna um neikvæðar hlíðar þessarar vinnu. Annars finnst mér ágætt að beita, svona á heildina lítið.“

Vinnur að upp-töku á 7. plötunni

Um þessar mundir er **Siggi** annars að vinna að gerð nýrrar plötu sem unnin er úti í Danmörku, en þar hefur hann búið í árafjöld. „Ég bý í Kaupmannahöfn og tek plötuna upp í stúdíói sem samstarfsmaður minn, breski gítarleikarinn og upptökumaðurinn **Keith Hopcroft**, hefur komið sér upp í borginni. Sjálfur lenti hann fyrir slysi í Danmörku, var einhvern tímann að túra með hljómsveit, kynntist danskri stelpu og fór þess vegna ekkert til baka til Bretlands.

Við hittumst fyrir mörgum árum í Kaupmannahöfn. Við vorum saman á geisladiski sem gefinn var út og innihélt

Sama prógrammið og fyrir 15 árum

„**Keith Hopcroft** og ég höfum spilað mjög mikið saman og leikum alls konar músik. Það fer mikið eftir því hvar við erum að spila hvernig tónlist við leikum. Oft leikum við eingöngu okkar frumsamda efni sem nær frá því að vera svokölluð „folk“ tónlist upp í rokk. Þegar ég spila á Vagninum eða á sambærilegum stöðum er annað uppi á teningnum. Þá er ég eiginlega með nákvæmlega sama prógrammið og fyrir 15 árum síðan, gamla slagara sem allir geta sungið með.“

Siggi lék þessa slagara á Flateyri og á krám og knæpum víða um land á sínum tíma. „Árið 1988 var ég á sjó á togaranum Gylli frá Flateyri. Þegar ég hafði verið á honum í fimm ár vildi ég taka frí og fara að spila. Ég hef ekki farið aftur á sjóinn síðan, þó ég hafi aldrei beinlínis hætt. Ég er eiginlega ekkert annað en sjómaður í fríi.

Ég var ekki lengi að því að fara nokkra hringi í kringum landið og fljótlega var það orðið þannig að ég hafði spilað á næstum því hverri einustu krá landsins. Þess vegna ákvað ég upp úr 1990 að flytja til útlanda og reyna fyrir mér þar.

Ég flutti til Danmerkur og hef búið þar síðan. Landið liggur nokkuð miðsvæðis og hentar mér vel, því ég spila aðallega í norðanverðri Evrópu og í Skandinavíu.“

Margt hefur breyst

Siggi fæddist á Flateyri á sjötta áratug síðustu aldar. Hann hlaut hefðbundið uppleið í litlu sjávarplássu og segir að margt hafi breyst síðan. „Þetta er allt öðruvísi. Samfélagið er mjög frábrugðið því sem var. Þegar ég var að alast upp var allt miklu einfaldara. Maður sá hvaðan allur matur sem maður borðaði kom. Mjólkin kom frá Hvilft, fiskurinn kom úr sjónum og kjötið frá bóndabæjunum í firðinum.

Fólk kemur líka og fer og margir af mínum æskufélögum eru farnir og annað fólk er komið í staðinn. Þó eru hér margir sem ég þekkti þegar ég var yngri. Til dæmis er ég að hluta til að beita með þeim sömu og ég vann með þegar ég byrjaði, þá fjórtán ára gamall.“

Heppinn en ekkert góður sjómaður



„Þegar ég var yngri lagðist ég í mikið flakk og beitti allt í kringum landið, vann í sjávarplássum hér og þar, á Vopnafirði, Höfn, Patreksfirði og svo framvegis. Síðan kom ég aftur til Flateyrar og fór á sjóinn. Ég var á Gylli og líkaði vistin ágætlega. Reyndar fannst mér ég aldrei vera neitt merkilegur sjómaður og starfið átti ekkert voðalega vel við mig.“

– Þú hefur aldrei lent í neinum sjávarháska?

„Nei, sem betur fer ekki. Þó ég hafi ekkert verið voðalega góður sjómaður, þá var ég frekar heppinn og lenti aldrei í neinu leiðinlegu.“

– En hvernig kom það til að þú ákvaðst að gefa frá þér plássid á sjónum og fara í hinn víðsjárverða tónlistarbransa?

„Það gerðist eiginlega óvart. Ég tók aldrei neina meðvitaða ákvörðun um það. Ég hafði alltaf verið í hljómsveitum sem yngri maður og var þess vegna slarkfær á gítar.

Eitt sinn fór ég síðan til Nýja Sjálands að heimsækja fólk sem ég hafði kynnst á Flateyri, fólk sem hafði komið þangað sem farandverkamenn. Ég tók gítarinn með mér út og fór að spila fyrir þá sem vildu hlusta. Fljótlega komst ég að því að það var hægt að lifa á þessu og að það var merkilega mikið að gera fyrir trúbadúra.

Ég hefði aldrei getað trúað því að það væri hægt að lifa á svona harki, en mér hefur gengið mjög vel. Ég hef að minnsta kosti ekki þurft að beita mikið síðan 1988.“

Flakkar til efri árunna á Flateyri

Siggi segist láta sig dreyma um að geta í framtíðinni búið á Flateyri á veturna en flakkað um Evrópu á sumrin. „Mér líður alltaf vel á Flateyri, en alveg sérstaklega á veturna. Samfélagið þéttist allt og fólk

verður miklu nánara. Flateyri verður miklu meira þorp. Á sumrin eru allir á faraldsfæti en á veturna halda menn frekar kyrru fyrir.

Flateyri og nágrannabæirnir hafa miklu meiri þýðingu fyrir mig núna en áður. Það er kannski nær að segja að ég átta mig betur á því nú en áður hversu mikla þýðingu svæðið hefur fyrir mig. Ég hef alltaf verið duglegur að heimsækja bæinn og fer alltaf beint vestur þegar ég kem til landsins. Ég hef líka aldrei upplifað mig sem brottfluttan Flateyring, mér líður alltaf eins og heimamanni þegar ég kem.

Ég get eiginlega ekki beðið eftir því að verða gamall, úrillur kall á Flateyri og kvarta yfir ungdómnum. Ég er búinn að ákveða að ganga um hafnarkantinn og kvarta yfir verkaginu hjá þeim sem eru að vinna og láta alla vita að þegar ég var ungur, þá gerðum við hlutina almennilega.“

Vestfirðingum auðveldað að stunda fjarnám á háskólastigi

Samningur um samstarf Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða og Kennaraháskóla Íslands var undirritaður í síðustu viku í aðsetri Fræðslumiðstöðvarinnar á Ísafirði. Markmið samningsins er að auðvelda aðgengi íbúa Vestfjarða að fjarnámi á háskólastigi við Kennaraháskóla Íslands.

Ólafur Proppé, rektor KHÍ, og Sólrún Björg Kristinsdóttir, forstöðumaður Símenntunarstofnunar KHÍ, komu í heim sókn til Ísafjarðar að þessu tilefni. Auk þess sem Ólafur undirritaði samninginn ásamt Smára Haraldssyni, forstöðumanni Fræðslumiðstöðvarinnar, heimsóttu þau Sólrún Menntaskólann á Ísafirði, Grunnskólann á Ísafirði, Tónlistarskóla Ísafjarðar og Próunarsetur Vestfjarða.

Samstarfssamningur Kennaraháskóla Íslands og Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða er svohljóðandi:

„Markmið samningsins er að auðvelda aðgengi íbúa Vestfjarða að fjarnámi á háskólastigi frá Kennaraháskóla Íslands.

Samningsaðilar kynna sameiginlega námsframboð Kennaraháskólans á Vestfjörðum. Kynningin felst m.a. í sameiginlegri útgáfu og dreifingu kynningarefnis, þátttöku í kynningarfundum með almenningi, stjórnendum stofnana og fyrirtækja og í fjölmiðlaumræðu.

Fræðslumiðstöðin mun tryggja náms- og starfsaðstöðu fyrir nemendur á Vestfjörðum samkvæmt nánara samkomulagi, miðla upplýsingum og gögnum og annast tæknilega umsjón og prófahald.

Kennaraháskóli Íslands ber kostnað af rekstri fjarnámsins í Reykjavík og við íþróttafræðasetur Kennaraháskólans á Laugarvatni, kennslukostn-



Að baki þeim Ólafi og Smára eru, talið frá vinstri: Sólrún Björg Kristinsdóttir, forstöðumaður Símenntunarstofnunar KHÍ, stjórnarmenn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða, þau Óðinn Gestsson, Ólína Þorvarðardóttir, formaður, og Guðrún Stella Gissuraróttir, og síðan Dagrún B. Matthíasdóttir, formaður fulltrúaráðs Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.

að og þjónustu sem þar til fellur. Hvor aðili samningsins ber fjárhagsábyrgð á sínum hluta verkefnisins.

Samningsaðilar munu gera með sér sérstakt samkomulag um það nám sem þeir hyggjast standa sameiginlega að á Vestfjörðum. Í því samkomulagi skal kveða á um nánara ákvæði um skiptingu ábyrgðar og kostnaðar milli samningsaðila, nemendafjölda, sérstakan aðbúnað og annað sem nauðsynlegt er að fjalla um.

Fulltrúar samningsaðila hittast eigi sjaldnar en árlega til að fjalla um framgang og þróun samstarfsins.“



Ólafur Proppé og Smári Haraldsson undirrita samninginn.



Meginþemað hjá okkur verður frjáls aðferð“, segir Benedikt. Gallerí Gangur er fremur óvenjulegur sýningarsalur.

Um er að ræða undirgöng milli heimavistar og bók-námshúss MÍ. Er það helsta einkenni þeirra að vera alveg

hvít og svipbrigðalaus og þóttu göngin því minna á finustu sýningarsali.

Stuttar af bb.is

Tekjur vín-búða aukast

Tekjur vínbúðanna á Vestfjörðum jukust um tæplega 8,5 milljónir króna milli árunna 2001 og 2002. Í verslun ÁTVR á Ísafirði var keypt áfengi fyrir liðlega 187 milljónir króna á árinu 2002 en það er aukning um tæpar 7 milljónir frá árinu 2001. Á Patreksfirði jókst salan um 1,5 mkr króna milli ára en heildarsalan þar var fyrir rúm- ar 45 milljónir króna á árinu 2002. Ekki er hægt að álykta út frá þessum tölum um aukningu á seldu magni því verð á áfengi hefur hækkað á milli ára. Mesta verð- hækkunin varð á sterku víni en áfengisgjald á sterkum vínum var hækkað í lok nóvember.

Erla sýnir í Slunkaríki

Erla Þórarinsdóttir opnaði sýningu í Slunkaríki á Ísafirði á laugardag. Á sýningunni sem ber heitið Birting eru málverk sem útfærð eru með olíulit og blaðsilfri á striga. Erla lagði stund á myndlistarnám í Svíþjóð og Hollandi en býr nú og starfar í Reykjavík. Hún sýndi síðast málverk í Slunkaríki fyrir um 14 árum. Slunkaríki við Aðalstræti er opið í viku hverri frá fimmtudegi til sunnudags kl. 16-18. Sýningu Erlu lýkur sunnudaginn 2. febrúar.

KFÍ sigraði Fjölni 95-84

KFÍ sigraði Fjölni úr Grafarvogi 95-84 í 1. deild karla í körfuknattleik sem fram í íþrótta- húsinu á Torfnesi á föstudagskvöld. Staðan í hálfleik var 49-35. KFÍ byrjaði af miklum krafti og eftir tíu mínútna leik var staðan orðin 32-13. Þar af átti Baldur Ingi Jónasson þrjár þriggja stiga körfur á síðustu mínútu fjórðungsins. Jeremy Sargent lenti snemma í villuvandræðum og spilaði aðeins rúmar tuttugu mínútur. Baldur var eins og oft áður maður leiksins. Hann skoraði 23 stig, þar af sjö þriggja stiga körfur, og tók níu sóknarfráköst. Reynir í Sandgerði og KFÍ eru nú í efstu sætum 1. deildar með 16 stig eftir níu leiki, átta sigra og eitt tap hvort lið, en stigahlutfall Reynis er mun betra. Liðið er með 133 stig í plús en KFÍ með 74 stig í plús.

Nemendur Menntaskólans á Ísafirði

Undirbúa sýningu í Gallerí Gangi

Þessa dagana er unnið að því að draga fram í dagsljósið listhneigða nemendur í Menntaskólanum á Ísafirði. Stefnt er að því setja upp sýningu á verkum þeirra í Gallerí Gangi á Sólrisuhátið. Það er Benedikt Hreinn Einarsson, nemandi í þriðja bekk, sem hefur umsjón með undirbúningi sýningarinnar. Ætlunin er að sýna margs konar listaverk, svo sem myndir, teikni-

myndasögur, ljóð og hvers kyns innsetningar sem nemendur eiga í förum sínum.

„Við erum að ræða við nemendur um að sýna og þeir hafa tekið því vel. Það eru einhverjar bókanir komnar á hreint en annars er þetta á byrjunarstigi. Eins erum við í sambandi við nemendur í Listaháskóla Íslands en það á eftir að skýrast hvort af því verður að þeir sýni hjá okkur.

Ísafjarðardjúp og Hornvíkin eru fallegust!



Nafn: Halldór Halldórsson.
Fædd/-ur, hvar og hvenær: í Kálfavík, Skötufirði 25. júlí 1964.
Atvinna: Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.
Fjölskylda: Eiginkonan er Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, sagnfræðingur. Börn: Halldór Vilberg (býr hjá móður sinni), Hreiðar Ingi, María Sigríður og Hákon Ari.
Helstu áhugamál: Hef yndi af því að vera í sumarbústaðnum okkar inni í Ögri, hola þar niður trjáplöntum og njóta útiveru ásamt fjölskyldunni. Þá er vélsleðasport nokkuð skemmtilegt þegar til þess viðrar. Það er stórkostlegt að vera á Drangajökli og Ströndum í góðu veðri í góðum hópi.
Bífreið: MMC Lancer.
Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Rússajappa árg. 1960-1963.
Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Mig minnir að það hafi verið mismunandi. Allt þetta hefðbundna: Lögga, flugmaður, skipstjóri. Ég man að ég hafði áhuga á iðnnámi þegar ég var að ljúka grunnskóla og byrjaði aðeins í þeim geira.
Uppáhalds matur? Mér finnst, kannski því miður, flestur matur góður. Ég er hrifinn af flestum hefðbundnum íslenskum mat. Þá finnst mér ýmsar útgáfur af erlendri matargerð heillandi. Sushi er í miklu uppáhaldi.
Versti matur sem þú hefur smakkað? Þótt froskur sé ekki vondur matur finnst mér hann ekki geðfældur. Þá finnst mér sæeyru ekkert sérstök. Mjólkurgrautar eru ekki vinsælir hjá mér.
Uppáhalds drykkur? Vatnið hérna er auðvitað alveg frábært. Þú finnur ekki betra vatn en hér. Allt í lagi, ég skal viðurkenna að mér finnst Coke auðvitað alltof gott líka.
Uppáhalds tónlist? Ég hlusta á alla tónlist. Á unglingsárunum var diskótónlist mikið spilið en ég var ekkert sérstaklega hrifinn af henni, nema einstöðum lögum. Á þeim tíma hlustaði ég meira á ELO, Kiss, Eagles o.fl. þó þær hljómsveitir hafi verið vinsælli nokkrum árum áður. Í dag finnst mér gott að setjast niður í rólegheitum og setja diskinn hans Villa Valla og einnig diskinn hans Ólafs fráfarandi bæjarstjóra í Bolungarvík.
Uppáhalds íþróttamaður eða félag? Min félög eru auðvitað hér í Ísafjarðarbæ, sama hvort það eru skíði, sund, boltaiþróttir eða annað. Ég stend með mínu fólki hér. Meðan Michael Jordan spilaði með Chicago Bulls fylgdist ég töluvert með NBA boltanum. Er að mestu hættur því. Svo hef ég lengi haldið með Newcastle í enska boltanum og svolítið með Manchester United af því að Hreiðar Ingi heldur með þeim.
Uppáhalds sjónvarpsefni? Fréttir, umræðupættir þó oftast sé sama fólkið í þeim. Horfi reyndar lítið á sjónvarp.
Uppáhalds vefsíðan? Ísafjordur.is, bb.is, althingi.is, mbl.is, samband.is eru mikið notaðar vefsíður.
Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Þær eru sem betur fer margar. Smekkurinn fyrir þessu breytist. Einu sinni þótti mér Rocky myndirnar frábærar. Í dag eru þær fyndnar. Forrest Gump hefur alltaf verið í uppáhaldi.
Fallegasti staður hérlandis? Ísafjarðardjúp og Hornvíkin, ekki síst bæjarstaðið á Horni þar sem tindarnir gnæfa yfir heildarmyndinni.
Fallegasti staður erlendis? Noregur er einstaklega fallegt land. Þá er fallegt við Genfarvatnið í Sviss.
Ertu hjátruarfull(ur)? Eitthvað örlar á því.
Uppáhalds heimilistækni? Vélsleðinn er búinn að vera svo lengi inni í bílskrú að hann fer að flokkast með heimilistækjum. Geri að öðru leyti ekki upp á milli heimilistækja, gæti þó verið án sjónvarpsins.
Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Góðar stundir með fjölskyldu og vinum eru dýrmætar. Samverustundir fjölskyldunnar í sumarbústaðnum og ferðalögum sem því miður er alltof fátítt. Starf mitt sem fulltrúi íbúa þessa bæjarfélags er skemmtilegt og ég er stoltur af þeirri ábyrgð sem mér hefur verið falin af íbúunum.
Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Þegar einstaklingar koma sér á framfæri með því að rífa niður það sem aðrir hafa gert eftir bestu getu.
Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Mér líður yfirleitt vel. Afslöppun er fólgin í samveru með fjölskyldunni í sumarbústaðnum. Þar líður mér einstaklega vel.
Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Ég á mér drauma sem ég vil láta rætast en þeir eru ekki leyndir.
Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Ég hef lent í neyðarlegum uppákomum sem ég held að best sé að geyma fyrir sjálfan mig.
Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Þetta er góð spurning! Búinn að breyta mörgu og sífellt verið að gera breytingar til að gera gott samfélag betra. Hér er mjög öflug þjónsta af hálfu bæjarins og fyllilega samanburðarhæf við það besta sem gerist annars staðar enda eigum við ekki að bera okkur saman við annað. Vildi vera ráðherra byggðarmála í einn dag. Myndi gera miklar breytingar í þeim málaflokki með okkar svæði í forgangi.
Lífsmóttó? Gerðu þitt besta.

SÆLKERAR VIKUNNAR



ERU ÞÓRUNN PÁLSDÓTTIR OG HERMANN JÓN HALLDÓRSSON

Vigur lundi

Við viljum framreiða hér í Sælkerahorninu tvenns konar uppskriftir að hinum frábæra Vigurlunda úr matarkistunni góðu í Ísafjarðardjúpi. Uppskriftirnar eru ætlaðar fyrir fjóra.

Lundi með hunangsívaði

- 6 stk lundabringur
- 2½ msk hunang
- 1 msk soyasósa
- 3 msk ólífuolía
- 2½ dl rjómi
- salt og pipar
- Maizena sósujafnari

Úrbeinið lundabringurnar og skerið í góða bita. Hrærið saman hunangi, soya og ólífuolíu. Setjið bitana í löginn og látið ligggja í 2-3 klst. Steikið síðan bitana á vel heitri pönnu í 2 mínútur og kryddið með salti og pipar. Hellið rjómanum yfir í lokin og þykkið aðeins með Maizena sósujafnara. Gott er að bera fram með gratíneruðum gráðostakartöflum og Waldorf- eða eplasalati.

Gratíneraðar gráðostakartöflur

Kartöflur eru léttsoðnar í 8-10 mínútur, þær síðan afhýddar og skornar í sneiðar. Smyrjið eldfast mót vel með smjörflíki, látið kartöflurnar í mótíð og stráði yfir þær salti og pipar. Setjið 3-4 smjörklípur saman við og hellið yfir botnfylli af rjóma. Að lokum er rifinn ostur settur yfir ásamt gráðosti. Bakað við 200°C í 15-20 mín.

Eplasalat

Afhýðið 3 gul epli, skerið þau í litla bita og blandið saman við 1 pela af þeyttum rjóma.



Lundi í piparostasósu

- 6 stk lundabringur
- 1 stk piparostur
- 5 dl matreiðslurjómi
- salt og pipar

Úrbeinið lundabringurnar og skerið í góða bita. Leggið bitana í mjólkurbað í ca. 3 klst. Steikið síðan bitana í vel heitri ólífuolíu í 2-3 mínútur og kryddið með salti og pipar. Takið nú bitana af pönnunni. Rífið piparostinn og bræðið í rjómanum á pönnunni. Bætið síðan lundanum út í og látið malla í 2-3 mínútur. Berið fram með brúnuðum kartöflum, eplasalati og gulum baunum.

Við ætlum að biðja Bergljótu Halldórsdóttur, kennara við Grunnskólann á Ísafirði um næstu uppskrift. Við skorum á Beggu systur að upplýsa okkur um einhvern af hinum frábæru réttum sem henni tekst að töfra fram.

Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið í Ísafjarðarbæ í sumar

Verslunarmannahelgin verður stór fjölskylduhátíð

„Þetta eru mjög ánægjuleg tíðindi. Við studdum þessa umsókn og fylgdum henni eftir með HSV“, segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ, en eins og hér hefur komið fram var ákveðið fyrir helgina að Unglingalandsmót UMFÍ verði haldið í Ísafjarðarbæ um verslunarmannahelgina í sumar.

„Á þessi mót kemur venjulega svipaður fjöldi og á hin almennu Landsmót Ungmennafélags Íslands. Það voru á milli sex og sjö þúsund manns sem komu á síðasta unglingalandsmót í Stykkishólmi. Við gerum verslunarmannahelgina að stóri fjölskylduhátíð í Ísafjarðarbæ. Þetta á eftir að gefa ferða-

þjónustunni mikla möguleika“, segir bæjarstjóri. Halldór segir að þessu fylgi ekki neinn sérstakur stofnkostnaður fyrir Ísafjarðarbæ. „Nei, við þurfum ekki að fara í sérstaka uppbyggingu vegna mótsins. UMFÍ kom og tók út aðstæður hérna sem þeir þekktu reyndar mjög vel. Nú er bara að merkja við þessa

helgi. Það er um að gera fyrir okkur að vera heima um verslunarmannahelgina því að þetta verður ein stærsta fjölskylduhátíð landsins. Verslunarmannahelgin hérna verður með afar jákvæðum formerkjum. Hérna verður fjölskylduandi þar sem áherslan verður lögð á íþróttir,“ sagði Halldór Halldórsson.

Sólríshátíð Menntaskólans á Ísafirði

Undirbúningur hafinn af krafti

Nemendur Menntaskólans á Ísafirði leggja nú allt kapp á að búa hina árlegu Sólríshátíð sem best úr garði. Að þessu sinni hefst Sólrísan föstudaginn 28. febrúar og stendur allt til sunnudagsins 9. mars. Tíu manna Sólrísunefnd undir forsæti Ingvars Alfreðssonar, menningarvita Nemendafélagsins, sér um skipulagningu hátíðarinnar og framkvæmd. Þessar stundirnar er nefndin í óðaönn að

hringja í skemmtikrafta og listamenn til að fá þá til laga við hátíðina. „Við erum ekki búin að fastbóka neitt ennþá en fólkið sem við erum í sambandi við er mjög áhugasamt“, segir Ingvar. Markmiðið með dagskrá hátíðarinnar segir hann vera að höfða til sem flestra, jafnt eldra fólks sem yngra. Fastir liðir Sólríshátíðarinnar verða á sínum stað. Fært verður upp leikrit undir stjórn

Prastar Guðbjartssonar. Forkeppni Söngkeppni framhaldsskólanna verður haldin með pompi og prakt. Gallerí Gangur verður endurvakið og útvarp MÍ-flugan mun hefja flug sitt um Ísafjörð. Ingvar segir margt fleira vera í deigluinni, líklega verði bókmenntakvöld og jafnvel íþróttamót. Einnig er unnið að því að fá dansara frá Listdansskóla Íslands til að halda sýningu sem mun eflaust



gleðja marga ef af verður. Segir Ingvar stefnt að því að kynna endanlega dagskrá Sólríshátíðarinnar innan eigi langs tíma.

Stjórnvöld geri tillögur um stóráttak til eflingar byggðar á Vestfjörðum

„Vestfirðingum verði gert kleift að nýta fiskimiðin, þá auðlind sem hefur ávallt hefur verið undirstaða byggðar á Vestfjörðum, á umhverfisvænan og sjálfbæran hátt“, segir m.a. í ályktun sem gerð var á almennum stjórnmálafundi Samfylkingarinnar á Ísafirði í síðustu viku.

Á fundinum voru þrír efstu menn á lista flokksins í Norð-vesturkjördæmi, auk Karls V. Matthíassonar, þingmanns

Vestfirðinga, en hópurinn hefur verið á yfirreið um norðanverða Vestfirði. Fundurinn var þokkalega sóttur og fór vel og friðsamlega fram enda munu fáir andstæðingar Samfylkingarinnar hafa setið hann.

Ályktunin sem samþykkt var á fundinum er svohljóðandi:

„Um leið og Austfirðingum eru sendar heillaóskir í tilefni af þeim áföngum sem þeir hafa nú náð í sinni löngu bar-

áttu fyrir því að efla byggð á Austfjörðum, þá skorar fundurinn á stjórnvöld að leggja fram, í samvinnu við Vestfirðinga, tillögur um stóráttak til eflingar byggðar hér á Vestfjörðum. Þegar hefur verið lagður fram grunnur að hugmyndum í samantektinni „Byggðaaætlun fyrir Vestfirði“, sem unnin var að frumkvæði sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Meginþættir þessa átaks

taki sérstaklega til eftirfarandi:

Vestfirðingum verði gert kleift að nýta fiskimiðin, þá auðlind sem hefur ávallt verið undirstaða byggðar á Vestfjörðum, á umhverfisvænan og sjálfbæran hátt.

Framlög til vegaframkvæmda verði stóraukin, sérstaklega næstu þrjú árin, með það að markmiði að stytta verulega þá vegalengd sem fara verður að stofnvegakerfi

landsins.

Rannsóknastarfsemi tengd sjávarútvegi, umhverfi og lífríki verði eflað með fjölgun stöðugilda hjá þeim stofnunum er þegar starfa hér.

Möguleikar til menntunar verði auknir og markvisst verði unnið að því að skapa grunn að þekkingarsamfélagi sem styðja mun við nýsköpun og eflingu atvinnulífs.

Mikilvægt er að flýta fjárfrekum vegaframkvæmdum

áður en virkjana- og álversframkvæmdir ná hámarki því ljóst má vera að einhver samdráttur í opinberum framkvæmdum er nauðsynlegur á því tímabili sem mótvægis- aðgerð. Með markvissu átaki eins og hér er lagt til gefst stjórnvöldum tækifæri til að sýna að þau er tilbúin að styrkja byggð í landinu með öðrum hætti en uppbyggingu stóriðju,“ segir í ályktun fundarins.

Málum vegna vangoldinna launa hjá Ábyrgðarsjóði

Fjölgar ekki á Vestfjörðum

Atvinnuástand hefur farið versnandi á landinu öllu undanfarin misseri og hafa útgjöld Ábyrgðarsjóðs launa vaxið hratt á árinu 2002. Sjóðurinn tryggir greiðslur til launamanna við gjaldþrot fyrir-tækja. Pétur Sigurðsson, for-

seti Alþýðusambands Vestfjarða, segist ekki hafa orðið var við aukningu á slíkum tilfellum á vestfirskum vinnu-markaði.

„Það er leitað til okkar jafnt og þétt allt árið með ágreining varðandi túlkun kjarasamn-

inga en ekkert meira en áður. Þetta eru þessir eðlilegu árekstrar ef svo má að orði komast“, segir Pétur.

Aftur á móti segir hann síðustu 5 til 6 ár hafa einkennst af talsvert fleiri gjaldþrotamálum en áður þekktist á

svæðinu. „En ég held að við séum búin að ná þessum fræga botni. Auðvitað vantar okkur svona 10 þúsund þorskígildi inn í kerfið. Það er sú stóriðja sem okkur vantar og myndi skila sér í auknum tekjum um allt samfélagið“, sagði Pétur.



Kristján Rafn Guðmundsson kemur í mark í Fossavatnsgöngunni árið 2001.

Fossavatnsgangan á Ísafirði

Leitað að gömlum úrslitum

Næstu tvö ár verða tímamótaár í sögu Fossavatnsgöngunnar á Ísafirði. Hún er í senn elsta skíðamót landsins sem enn er haldið og jafnframt fjölmennasta skíðamót landsins á ári hverju. Á næsta ári fer gangan fram í 55. skipti og árið 2005 verður haldið upp á 70 ára afmæli hennar. Af þessu má ráða að gangan hefur fallið niður fjórtán sinnum. Það gerðist á fimmta og sjötta áratug liðinnar aldar. Eitt af því sem ætlunin er að gera í tilefni af þessum tímamótum er að taka saman heildarskrá yfir alla þátttak-

endur í göngunni frá upphafi. Nú þegar er fyrirliggjandi nokkuð heillegur listi en þó eru nokkur ár þar sem aðeins eru til nöfn fremstu manna en aðra þátttakendur vantar. Þetta eru árin 1961, 1962, 1963, 1964, 1966 og 1973. Ef einhver á heildarúrslit frá þessum árum eða telur sig vita hvar hægt væri að nálgast þau er viðkomandi beðinn að koma þeim upplýsingum á framfæri. Einfaldast er að senda Muggi hjá Vegagerðinni á Ísafirði eða Heimi Hanssyni safnverði á Byggðasafninu netpóst.



Bolungarvíkurhöfn.

Ráðherra vinnur að svarbréfi til Bolvíkinga varðandi byggðakvótann

Samanburðurinn alltaf erfiður

Að sögn Þorsteins Geirssonar ráðuneytisstjóra hefur Árni Mathiesen sjávarútvegsráðherra það með höndum að svara bréfi Bolungarvíkurkaupstaðar til ráðuneytisins, þar sem óskað var rökstuðnings fyrir úthlutun byggðakvóta á norðanverðum Vestfjörðum.

Eins og hér var greint frá samþykktu bæjarráð Bolung-

arvíkur á fundi sínum 30. desember að óska eftir skýringum frá ráðuneytinu á því hvernig skipting byggðakvótans milli staða á norðanverðum Vestfjörðum var ákveðin. „Við sendum þeim erindi og báðum um skýringar á því hvernig þessi niðurstaða hefði verið fengin. Ég á von á því að þeir taki sinn tíma í þetta“, segir Einar Pétursson, bæjarstjóri í

Bolungarvík.

Þorsteinn Geirsson segir ýmsa vera óánægðar með skiptingu byggðakvótans og segir að ráðuneytinu hafi borist nokkur erindi með ósk um rökstuðning fyrir úthlutuninni. „Við höfum reynt að fara eftir þeim viðmiðunum sem voru settar fram í reglugerðinni frá 17. desember“, segir Þorsteinn.

Skipting á milli landsvæða var unnin í samstarfi við Byggðastofnun og segir Þorsteinn minna bera á því að ósætti sé um hana. Aftur á móti fái ráðuneytið athugasemdir við skiptingu innan svæða. „Þessi samanburður er alltaf erfiður“, segir Þorsteinn Geirsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu.

Vestfirðingur ársins 2002 samkvæmt kosningu bb.is, Hlynur Snorrason lögreglufulltrúi á Ísafirði, hefur starfað í lögreglunni á Ísafirði í nærri tuttugu ár, langlengst allra þeirra sem þar eru nú. Hann er Sunnlendingur að uppruna og kom hingað í lögregluna tvítugur að aldri í nóvember 1983. Hann hafði þá aldrei komið á Vestfjarðakjálkann áður. Eiginkona hans, Alma Björk Sigurðardóttir, er hins vegar Ísfirðingur í húð og hár og og hefur átt hér heima allan sinn aldur að tveimur vetrum undanskildum. Börn þeirra eru þrjú, Tinna Hrund, Einar Ægir og Helga Þuríður.

Foreldrar Hlyns eru Olga Hafberg og Snorri Jónsson, sem lengi var kennari við Skógaskóla undir Eyjafjöllum.

Hlynur er langyngstur fjögurra systkina en kunnastur þeirra er væntanlega Jón H.B. Snorrason lögfræðingur, saksóknari og yfirmaður efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra.

Eins og fram hefur komið er það margra ára ötult starf Hlyns að forvörnum gegn fíkniefnum sem mestu réð um kosningu hans. Þetta starf á Ísafirði og öllum norðanverðum Vestfjörðum hefur fyrir löngu vakið athygli á landsvísi og margir fleiri hafa lagt þar hönd á plóginn, eins og Hlynur leggur mikla áherslu á. Ekki síst má þar nefna starf VáVest-hópsins, sem Hlynur hefur leitt, og í tengslum við það starf Gamla Apóteksins á Ísafirði, kaffi- og menningarhúss ungs fólks.

Varð lítið ágengt í unni fyrstu dagana

– segir Hlynur Snorrason, Vestfirðingur ársins 2002 að mati lesenda fréttavefjarins bb.is

Á ungum aldri var Hlynur tvo vetur í menntaskóla í Reykjavík en líkaði hvorki félagslífið né skólinn. Hann hefur sagt að námsleiðinn hafi verið orðinn nærri óbærilegur þegar leiðin til stúdentsprófs var hálfnuð. Hann hafði farið sem afleysingamaður í lögregluna í Reykjavík sumarið 1983 og ætlaði reyndar aftur í menntaskólann um haustið. Hins vegar líkaði honum mjög vel í lögreglunni og þegar afleysingunum í Reykjavík lauk sótti hann um laus störf sem þá voru aðeins til úti á landi, bæði í Vestmannaeyjum og á Ísafirði, og niðurstaðan varð Ísafjörður. Þar líkaði Hlyni dvölin mjög vel. Um vorið var hann búinn að kynna konunni sinni á Ísafirði og ákvað að vera áfram.

„Það kom ekkert annað til greina en að starfa áfram í lögreglunni. Haustið 1984 fór ég í Lögregluskólann og lauk honum síðan vorið 1986. Sama ár varð ég varðstjóri hér, síðan rannsóknarlögreglumaður árið 1988 og lögreglufulltrúi árið 1990.“

Heppilega stór eining

Þegar árangur lögreglunnar á Ísafirði í baráttunni gegn fíkniefnum er skoðaður vakna ýmsar spurningar um ástæðuna. Ein af skýringunum kann að vera heppileg stærð umdæmis Ísafjarðarlögreglu, heppilegur fjöldi í lögregluliðinu og heppilegt hlutfall þar á milli. Segja má að fólksfjöldi í umdæminu sé hvorki of mik-

ill né of lítill – návígið ekki of mikið en þjónusta lögreglunnar jafnframt nánari og persónulegri en í stærri umdæmum. Starfssvæði lögreglunnar á Ísafirði nær yfir Ísafjarðarbæ og Súðavíkurhrepp en fólksfjöldinn á því svæði er milli fjögur og fimm þúsund manns. Lögreglumennirnir í liðinu eru þrettán talsins.

„Þetta finnst okkur ákaflega hentug eining. Mér finnst að við náum mjög vel utan um störf okkar, bæði hvað varðar almenna löggæslu, öryggisgæslu, forvarnir og þjónustu við íbúana. Umdæmin í landinu eru misjafnlega fjölmenn og hlutfallið milli íbúafjölda og fjölda lögreglumanna misjafnt. Mér þætti verðugt viðfangsefni að skoða nánar hvaða einingar og hlutföll eru heppilegst“, segir Hlynur. Hann nefnir einnig að hvað landsvæði varðar sé umdæmi lögreglunnar á Ísafirði eitt af þeim víðfeðmari á landinu.

Sérstök staða fíkniefnalögreglumanns

„Við vorum tólf fram til 1997 en þá bættist við stöðugildi sérstaks fíkniefnalögreglumanns. Þá kom góður kippur í þetta starf þegar ríkisvaldið ákvað að dreifa örfáum stöðugildum um landið. Þá beindust sjónir ríkisins að Ísafirði, en nokkur undangengin ár hafði lögreglan hér unnið markvisst og með góðum árangri að því að hafa afskipti af aðilum tengdum fíkniefnum. Sú stefna var tekin upp

hjá embættinu, og hefur haldið síðan, að leyna samborgarana ekki því að hér eru fíkniefni í umferð og að aðgerð sé þörf til að stemma stigu við dreifingu þeirra á svæðinu.

Ég vil meina að vegna þessarar vinnu lögreglunnar á Ísafirði, allt frá 1990, höfum við fengið þetta viðbótarstöðugildi við rannsóknardeildina árið 1997. Síðan höfum við tveir starfsmenn deildarinnar, Skúli Berg rannsóknarlögreglumaður og ég, aðstoðarskyldu í þessum málaflokki við hin embættin á Vestfjörðum, það er að segja embættin í Bolungarvík, Strandasýslu og Barðastrandarsýslu.

Frá 1988 og fram til 1997 var ég einn í rannsóknardeildinni hér. Á þeim tíma hafði ég fremur litla möguleika á því að gera annað en rannsaka mál sem upp komu og gat ekki sinnt forvörnum og framtíðinni eins vel og skyldi, þó að við gerðum það vissulega eins og við gátum. En 1997 vænkaðist hagar okkar verulega og þá fórum við að geta tekið miklu betur á fíkniefnamálum og lagt meiri áherslu á forvarnir. Við værum ekki að sjá þennan árangur án þessa þrettánda stöðugildis.“

Ungt lögreglulið og ferskt

Hlynur nefnir aðra ástæðu fyrir góðum árangri lögreglunnar á Ísafirði í störfum. „Það er þekkt fyrirbæri að lögreglan á Ísafirði er eitt af yngri lögregluliðum á landinu. Oft hafa

menn sagt að þeir sjái hér alltaf nýtt og nýtt fólk í lögreglubúningi. Endurnýjunin hefur verið hröð í mörg ár og ég vil meina að slíkt sé af hinu góða. Hún heldur okkur eldri mönnum [segir ekki fertugur maðurinn] ferskum. Ungir lögreglumenn eru mjög áhugasamir og vilja öðlast sem mesta þekkingu og reynslu og færni sem fyrst. Þess vegna leita þeir mikið til okkar sem eldri erum eftir hvers konar upplýsingum. Þannig fáum við aldrei tíma til að rykfalla í rólegheitum hver í sínu horni.“

Það er athyglisvert, að sá sem langlengst hefur starfað í lögreglunni á Ísafirði, þeirra sem þar eru nú, títtnefndur Hlynur Snorrason, skuli ekki vera orðinn fertugur. Reyndar nær hann þeim áfanganum í næsta mánuði ef Guð lofar. Það er líka athyglisvert, að þeir einstaklingar sem klæðst hafa lögreglubúningi á Ísafirði síðustu tvo áratugina munu vera komnir talsvert á annað hundræðið. Margir hafa reyndar aðeins verið eitt sumar og annað hvort horfið til annarra starfa eða farið í Lögregluskólann og ekki snúið aftur vestur. „Sumir hafa haft ótrú á þessari miklu endurnýjun“, segir Hlynur, „en á móti bendi ég á, að það er alltaf fastur kjarni í liðinu.“

Viðmótið verður að einkennast af háttvísi

Hlynur rökstyður nánar hvers vegna hann telur stærð

umdæmis Ísafjarðarlögreglu og fjöldann í lögregluliðinu og hlutfallið þar á milli mjög heppilegt. „Aðgengi að lögreglumönnum er mjög auðvelt og einfalt. Í Reykjavík er þetta ópersónulegra. Að mínu áliti er öllum lögreglumönnum hollt að prófa að vinna í fámennari byggðarlögum úti á landi. Þar reynir meira á hvernig lögreglumaðurinn kemur fram við borgarana. Þar dugur enginn ruddaskapur.

Viðmótið við hinn almenna borgara verður að einkennast af háttvísi og tilhlýðilegri virðingu. Lögreglumaður í litlu samfélagi sem kemur ekki þannig fram verður strax alræmdur og illa liðinn. Það bitnar frekar á honum sjálfum sem einstaklingi en lögreglunni í heild. Ef hins vegar lögreglumaður í Reykjavík kemur ósæmilega fram við íbúana, þá bitnar fremur á lögreglunni í heild. Þar sjá borgararnir frekar einkennisbúninginn en persónuna sem ber hann. Lögreglumennirnir á smærri stöðum fá hver og einn meira aðhald frá borgurinum. Lögreglumaður sem sýnir af sér dónaskap og yfirgang endist ekki lengi í starfinu á þeim stað.“

Viðhorfið til lögreglunnar hefur gjörbreyst

– Finnst þér viðhorf fólks til lögreglunnar hér hafa breyst á þeim tveimur áratugum sem þú hefur starfað hér? „Vissulega. Ég kom hingað rétt eftir að Pétur Kr. Hafstein

tók við embætti sýslumanns á Ísafirði. Ég verð að segja að viðhorf íbúanna gagnvart lögreglunni um það leyti sem ég byrjaði og viðhorfið núna er eins og svart og hvítt. Það má leggja milli hluta hvers vegna viðhorfið gagnvart lögreglunni á þeim tíma var eins neikvætt og raun bar vitni. Hins vegar leyfi ég mér að segja, að fagmennska lögreglunnar á Ísafirði í dag sé á við það besta sem gerist. Almennt nýtur lögreglan hér virðingar íbúanna. Á sama hátt viljum við sýna borgurinum virðingu.“

– Snúum okkur að fíkniefnamálum sérstaklega – finnst þér að viðhorf almennings hér til lögreglunnar hafi breyst í ljósi þeirra forvarnastarfa sem unnin eru og unnin hafa verið?

„Já, og mér finnst það hafa færst í vöxt að foreldrar, aðrir ættingjar og vinir þeirra sem eru að skaða sjálfa sig með notkun fíkniefna, hafi meiri tilhneigingu til þess að koma til lögreglunnar, hvort sem það er til mín eða annarra lögreglumanna hér, og bera sig upp í vandræðum sínum og leita leiða út úr ógöngunum. Það er ljúft að finna þetta viðhorf. Við vinnum að rannsókn fíkniefnamála eins og okkur ber, rétt eins og öðrum málum, en við leggjum ekki stein í götu þeirra sem vilja komast á rétta braut. Við reynum að styðja þá og viðleitni þeirra.“

Útnefningin hefur mikla þýðingu

– Hver voru viðbrögðin við útnefningunni Vestfirðingur ársins? Komu þau þér að einhverju leyti á óvart?

„Ég hugleiddi ekki strax sérstaklega hvað þetta hefði í för með sér. En þegar dagarnir liðu frá því að þetta var tilkynnt, þá varð ég mjög snortinn og fór að gera mér grein fyrir því hvaða þýðingu þetta hefur. Hún er dýpri og meiri en ég hugði.

Mér varð heldur lítið ágengt í vinnunni fyrstu dagana á eftir því að ég var stöðugt að taka á móti heillaóskum, og alls ekki bara frá ættingjum og vinum. Mér fannst vinnufélagarnir vera stoltir, enda erum við í sama liði og þeir eiga sinn

er á vegum sveitarfélaganna og leitast við að sameina krafta þeirra sem hlut eiga að máli „í grásrótinni“. Þá hefur VáVest-hópurinn, ásamt fjölda fólks á norðanverðum Vestfjörðum, verið að vinna að vímuvarnastefnu sveitarfélaganna.

Í VáVest-hópnum eru Halldóra Kristjánsdóttir, aðstoðarskólastjóri í Bolungarvík, Vilborg Arnarsdóttir í Súðavík, Ingibjörg María Guðmundsdóttir, forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísa-fjarðarbæjar, Helga Dóra Kristjánsdóttir í Önuðarfirði, en hún er formaður hópsins, og loks ég, sem er verkefnisstjóri hópsins“, segir Hlynur

vinn- á eftir

hluta af heiðrinum. Ég á mjög góða vinnufélaga, starfsandinn er góður og menn vinna hlutina saman af fagmennsku. Yfirmenn mínir, Önuður Jónsson yfirlögregluþjónn og Sigríður Björk Guðjónsdóttir sýslumaður, eru bæði mjög áhugasöm í sínum störfum og jafnframt mjög áhugasöm um forvarnastarfið. Og það sem er ákaflega mikilvægt: Þau eru bæði mjög hvetjandi.

Svo hef ég fengið gríðarleg viðbrögð alls staðar af landinu, meðal annars innan lögreglugeirans um allt land. Mönnum í þeim hópi finnst að íslensku lögreglunni almennt hafi verið sýnd virðing með því að lögreglumaður skuli hafa verið útnefndur með þessum hætti. Ég hef líka fengið fjölmargar hlýjar kveðjur frá almenningi hér í umdæminu, sem ég er ákaflega þakklátur fyrir. Þar hefur komið fram, að fólk er ánægt með árangurinn af forvarnastarfinu og vill að áfram verði haldið á sömu braut. Það finnst mér langbesta einkunnin fyrir okkur öll sem erum að vinna að forvörnum á svæðinu.“

VáVest-hópurinn og starf hans

– Hvað er VáVest?

„Sveitarfélögin þrjú á norðanverðum Vestfjörðum, Ísa-fjarðarbær, Bolungarvík og Súðavík, eru í samstarfi um vímuvarnir og hafa sameinast um að hafa VáVest-hópin sem nokkurs konar undirverk-taka. Hópurinn skipuleggur fyrirlestra og annað beint forvarnastarf ár frá ári. Hann stýrir því forvarnastarfi sem unnið

Snorrason, og bætir því við í gamansömum tón að hann sé þrellinn þeirra.

„Þá hefur Ísafjarðarbær, auk þess að samþykkja sérstaka vímuvarnastefnu, samþykkt að vinna að sérstakri fjölskyldustefnu bæjarins. Einnig veit ég að meðal bæjarfulltrúa er mikill áhugi að koma á fót sérstakri frístundamiðstöð til þess að styrkja æskulýðs- og íþróttastarf í bænum og hlúa betur að tómstundastarfi íbúanna, allt frá fæðingu og fram á ævkvöldið. Þetta var beinlínis kosningamál í sveitarstjórnarkosningunum á síðasta ári.

Auk þess hefur Bolungarvíkurkaupstaður verið með sérstakt verkefni í gangi undanfarin ár undir heitinu Heilsubærinn Bolungarvík. Allt slíkt hlýtur að vera jákvætt varðandi almenna vitund um heilsuæfingu.“

Góður kjarni hjá ungu AA-fólki

Hlynur segir einnig að meðal ungliðanna í AA-samtökunum á Ísafirði hafi komið fram nokkrir sterkir einstaklingar „sem með aðdáunarverðum hætti hefur tekist að mynda eftirsóknarverðan kjarna. Þar styðja menn hver annan, en eins og gefur að skilja eru menn ekki hólpnir þó að þeir hafi farið í áfengis- og fíkniefnameðferð. Þetta fólk er mjög „brothætt“, að minnsta kosti fyrstu árin, og því þarf að hlúa vel að þessum einstaklingum.

Það er mjög hvetjandi þegar ungir neytendur, sem hafa snúið til betri vegar eftir tilheyrandi meðferð, koma til



lögreglunnar og sýna breytt lífarni og breytta hætti. Þessir aðilar eru eiginlega með þessum heimsóknum að ljúka liðnum kafla í sögu sinni og vilja gera upp við lögregluna. Það er ákaflega gefandi fyrir lögregluna að geta klappað þessu fólki á öxlina með hvatningarorðum. Þetta hefur verið að gerast hér fyrir vestan í æ ríkari mæli.“

Hlynur tekur skýrt fram til að forðast hugsanlegan mis- skilning, að ungliðarnir í AA beri ekki neinar upplýsingar úr þeim hópi til lögreglunnar. Í þeim félagsskap séu þeir bundnir trúnaði sem þeir virði skilyrðislaust.

Gamla Apótekið

– Nokkur orð um Gamla Apótekið ...

„Gamla Apótekið er dæmi um aðdáunarvert framtak

grasrótarinnar á norðanverðum Vestfjörðum. Í upphafi komu bæjaryfirvöld ekki að Gamla Apótekinu – reyndar fengum við íbúð hjá bænum, endurgjaldslaust fyrir forstöðumanninn –, heldur Hollvættir Menntaskólans á Ísa-firði, en fulltrúi þeirra þar var Ólafur Örn Ólafsson, VáVest-hópurinn og ég sem fulltrúi hans, Rauða kross deildarnar á svæðinu, þar sem Sigríður Magnúsdóttir var í forsvari, og loks óskilgreindur hópur foreldra og annars áhugafólks með Soffíu Vagnsdóttir sem sinn fulltrúa. Reyndar sitja nú í stjórninni aðeins fulltrúi Rauða kross deildanna, fulltrúi Hollvætta Menntaskólans á Ísafirði og ég sem fulltrúi VáVest-hópsins.

Gamla Apótekið fékk viðurkenningu ríkisstjórnarinnar nú undir lok síðasta árs, þegar ákveðið var að þrjú ráðuneyti,

heilbrigðisráðuneytið, félagsmálaráðuneytið og dómsmálaráðuneytið, ásamt Ísa-fjarðarbæ, ákváðu að styrkja Gamla Apótekið um eina og hálfa milljón króna á ári hvor aðili í tvö ár. Gamla Apótekið fékk þessa viðurkenningu fyrst slíkra húsa á landinu og þá sem frumkvöðlaverkefni. Stjórn og forstöðumaður Gamla Apóteksins skuldbinda sig til að gefa ríkisvaldinu skýrslu um árangur þessa verkefnis þannig að hægt sé að læra af því. Þetta er að sjálfsögðu mikil viðurkenning fyrir Gamla Apótekið“, segir Hlynur Snorrason.

Þess má þó geta, að þrátt fyrir áður nefnda styrki er Gamla Apótekið með talsverðan skuldahala eða nokkrar milljónir króna. Hlynur minnir á, að þetta verkefni, Gamla Apótekið, þar sem forvarnastarf og vímueleysi er

undirstaðan, hefur dregið fram lífið „á undraverðan hátt“ allt frá stofnun þess á sumardaginn fyrsta árið 2000 eða fyrir bráðum þremur árum. „Á móti framlagi ríkis og Ísafjarðarbæjar hyggst Gamla Apótekið afla þess fjár sem upp á vantar til að halda uppi fullri starfsemi“, segir Hlynur. Og jafnframt beinir hann því til fjársterkra aðila sem þessar línur lesa, að Gamla Apótekið geti vel þegið fjárframlög, bæði lítil og stór.

„Það er mjög mikilvægt að Ísfirðingar og Vestfirðingar allir geri sér grein fyrir því gríðarlega frumkvöðlastarfi sem grásrótin er að vinna með Gamla Apótekinu. Þetta er einsdæmi á Íslandi og mörg sveitarfélög á landinu horfa til Gamla Apóteksins varðandi hugmyndafræðina, reynsluna og aðrar upplýsingar“, segir Hlynur Snorrason.



Unnið að vegagerð í Skötufirði í Ísafjarðardjúpi síðastliðið sumar.

Þingsályktunartillaga að samgönguáætlun áráanna 2003-2014

Áformað að brúa Mjóafjörð um Hrútey innan tólf ára

Í þingsályktunartillögu að samgönguáætlun fyrir næstu tólf ár (2003-2014), sem nú liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir því að Mjóafjörður í Djúpi verði brúaður um Hrútey. Að þeirri framkvæmd yrði mikil samgöngubót sem lengi hefur verið beðið eftir. Vegurinn lægi síðan yfir í Vatnsfjörð og áfram í Reykjarfjörð og inn með Ísafirði í Djúpi. Þannig yrði akstur fyrir Mjóafjörð og leiðin um Eyrarfjall úr sög-

unni. Ekki er tilgreint hvenær á þessu tólf ára tímabili þetta yrði gert. Tólf ára samgönguáætlun er skipt í þrjú fjögurra ára tímabil, 2003-2006, 2007-2010, 2011-2014, og eru sum verkefni sett á ákveðin tímabil en önnur ekki. Um vegaframkvæmdir á tímanum 2003-2014 segir svo um vegi á Vestfjörðum: **Vestfjarðavegur, Bjarkalundur-Flókalundur:** Lagt

er til að unnið verði að framkvæmdum á þessum vegi allt áætlunartímabilið og honum lokið. Gerð verður nánari grein fyrir tillögu að leiðavali og áfangaskiptingu við meðferð málsins á Alþingi. **Djúpvegur um Strandir:** Hér er lagt til að tenging við Hólmavík liggja um Strandir eins og verið hefur og verði unnið við hana á öðru og þriðja tímabili og henni lokið að mestu. Gerð verður nánari

grein fyrir leiðavalinu við meðferð málsins á Alþingi. **Djúpvegur um Ísafjarðardjúp:** Unnið verði áfram að vegagerð í Djúpi og henni lokið á áætlunartímanum. Miðað er við að vegurinn fari yfir Mjóafjörð um Hrútey. **Djúpvegur, Súðavík-Bolungarvík:** Lagt er til að unnið verði að endurbótum á þessari leið á öllu áætlunartímabilinu.

Snjómokstur hjá Ísafjarðarbæ

Umtalsverður sparnaður það sem af er vetri

Umtalsverður sparnaður hefur hlotist af snjóleysinu í vetur þó að ljóst sé að það kalli á meira viðhald gatna, að sögn Sigurðar Mar Óskarrssonar, bæjartæknifræðings Ísafjarðarbæjar. Snjóleysið veldur því að götur slitna meira en ella. „Þetta er alltaf misjafnt á milli ára og oft snjóar lítið sem ekkert fyrir jól en meira í janúar, febrúar og mars“, segir Sigurður. Snjómokstursmenn hafa sama sem

ekkert fengið að glíma við skafla það sem af er vetri þó að nú hilli undir betri tíð hjá þeim, ef svo mætti komast að orði þegar tíðin versnar. Í fyrravetur varði Ísafjarðarbær 15 milljónum króna til snjómoksturs og 1,6 mkr. til hálkuvana. „Fyrst og fremst léttir þetta snjóleysi tilveruna, sérstaklega þar sem snjómokstur er ekki mjög tíður, eins og til sveita“, segir Sigurður Mar.

Ofurölvuð kona á veitingastað

Beit dyravörð

Aðfaranótt laugardagsins var lögreglan kölluð að vínveitingahúsi á Ísafirði. Þar hafði einn gestanna, mjög ölvuð kona, misst stjórn á skapi sínu og bitið einn dyravarðanna á staðnum. Lögreglan fjarlægði konuna. Kæra hefur ekki verið lögð fram vegna þessa at-

víks. Líðin vika var með rólegra móti hjá lögreglunni á Ísafirði og aðeins bókaðar 83 frumbókanir í dagbók hennar. Lögreglan heldur áfram að kæra ökumenn fyrir notkun farsíma í akstri án þess að hafa handfrjálsan búnað og voru nokkur slík mál skráð í síðustu viku.



Fjölmenni á skíðavíku á skíðasvæðinu í Tungudal.

Skíðasvæði Ísfirðinga í Tungudal og á Seljalandsdal

Vantar enn þriggja daga góða snjókomu til að hægt sé að opna svæðin

Vonir skíðamanna á Ísafirði um góða skíðatíð og farsæla Skíðavíku eru heldur betur farnar að glæðast eftir snjókomu undanfarinna daga. Að sögn Jóhanns Kr. Torfasonar, forstöðumanns Skíða-

svæða Ísfirðinga, verður hægt að opna eftir um það bil þrjá daga af góðri snjókomu. „Þá væri hægt að fara að tala um þessa hluti í alvöru“, segir Jóhann. Ekki er mikill snjór í byggð á Ísafirði þó að hvítt sé

nú orðið um að lítast. Mun sama máli gegna bæði um svigsvæðið í Tungudal og göngusvæðið á Seljalandsdal. Jóhann segir þó að ágætær holufyllingar séu komar í brekkurnar, eins og það er

kallað á skíðamáli. „Það er búið að fylla upp í lautir og læki og því ætti þetta að geta gerst hratt héðan af“, segir Jóhann Torfason, bjart-sýnn á komandi skíðatíð.



Bolungarvík

Báðir veitingastaðirnir hættir rekstri

Veitingarekstri hefur verið hætt í Finnabæ í Bolungarvík en Hvíldarklettur ehf. hafði staðinn á leigu frá Sparisjóði Bolungarvíkur. Áður hafði Rabb-barinn í Bolungarvík sem rekkinn var af Árna B. Ólafssyni veitingamanni verið lagður niður. Hvíldarklettur tók við rekstri Finnabæjar í byrjun september og skömmu síðar var Rabb-barinn opnaður. Ýmsum þótti ljóst að tveir slíkir staðir gætu ekki gengið í Bolungarvík til lengdar. Elías Guðmundsson veitingamaður segir ástæðu þess að rekstrinum í Finnabæ er hætt vera einfalda. „Reksturinn er ekki að skila því sem hann þarf að gera. Það er betra að stoppa strax frekar en að safna upp

skuldum“, segir hann. Jafnframt segir Elías að þetta hafi engin áhrif á rekstur Hvíldarkletts á Ísafirði og á Suðureyri en félagið rekur Kaffi Ísafjörð og gistiheimilið VEG-Gistingu á Suðureyri. Árni B. Ólafsson rekur hins vegar staðina Tóka munk á Þingeyri og Vagninn á Flateyri. Þeir Árni og Elías voru samstarfsmenn við rekstur veitinga- og skemmtistaðarins Á Eyrinni á Ísafirði þangað til upp úr slitnaði með þeim á síðasta ári. Hvíldarklettur stofnaði síðan Kaffi Ísafjörð þar sem Á Eyrinni hafði verið. Í framhaldinu fóru báðir aðilar út í harða samkeppni í Bolungarvík með þeim árangri að báðir hafa nú gefist upp.

Opna upplýsingavef á nokkrum tungumálum

Það var vel mætt í Gamla Apótekinu á Ísafirði, menn-ingarmiðstöð ungs fólks, þegar upplýsingavefur fyrir ungt fólk var opnaður þar í síðustu viku. Hér er um að ræða samstarfsverkefni Gamla Apóteksins og Fjölmenningarseturs, unnið með tilstyrk áætlunarinnar Ungt fólk í Evrópu. Hönnuður vefjarins var hollenskur sjálfboðaliði á vegum hennar, Stefan von Nierop. Vefnum er ætlað að veita á nokkrum tungumálum al-

mennar upplýsingar um réttindi og skyldur þjóðfélagsþegna, svo og svæðisbundnar upplýsingar um affreyningu, menningarviðburði og annað slíkt. Halldór Hlöðversson, forstöðumaður Gamla Apóteksins, segir að með opnun vefjarins hefjist nokkurs konar opið þróunarstig hans þar sem hann sé langt frá því að vera fullbúinn. Samt hafi þótt tímaþætt að kynna hann til að hægt sé að afla þeirra tenginga sem

eiga þar að vera. Hann segist hafa vonast til að verkefnið yrði komið lengra en sjálfboðaliðinn sé nú á leið til síns heima. Mun mikið af upplýsingaefni vera tilbúið sem eigi eftir að birta á vefnum. „Við vonumst til þess að gera hann sem mest tæmandi svo að hann auðveldi fólki að nálgast upplýsingar“, segir Halldór. Ætlunin er að flokka upplýsingar og tengingar á staðbundinn hátt til að greiða fólki aðgengi að upplýsingum



Ýmsir kunnir borgarar voru í Gamla Apótekinu við opnun vefjarins.

um sitt nánasta umhverfi. Nú hafa svæði Vestfjarða og Austfjarða verið opnuð á vefnum en Halldór segir það enga tilviljun. Þessir landshlutar eigi það sameiginlegt að þar sé

tiltölulega hátt hlutfall fólks af erlendum uppruna. Þegar vefurinn hafði verið opnaður formlega tók til máls fulltrúi frá landsskrifstofu Ungs fólks í Evrópu sem hafði

komið frá Reykjavík af því tilefni. Segir Halldór mjög góðar umræður hafa skapast bæði um upplýsingavefinn og áætlunina Ungt fólk í Evrópu.



Örn Arnarson í hópi sundfólksins í Bolungarvík. Mynd: Gunnar Hallsson.

Örn Arnarson heimsótti sundfólk í Bolungarvík

Sundkappinn Örn Arnarson, sem að undanförunu hefur verið á kynningarferðalagi á vegum Ungmennafélags Íslands, kom til Bolungarvíkur í síðustu viku til þess að vera á sundæfingu hjá Sunddeild Ungmennafélags Bolungar-

víkur. Voru krakkarnir hæstánægðir með komu hans og auk krakka úr sunddeildinni komu hinir og þessir til þess að bera goðið augum og fá eiginhandararitun. Örn fóryfir ýmis tækniatriði með krökkunum og gaf þeim góð ráð.

Án efa er þetta góð vítamín-sprautu fyrir sundhópin sem og aðra sem fylgdust með kappanum. Sunddeild UMFB þakkar Erni fyrir að sjá af þeim litla tíma sem hann hafði af lögu hér vestra.

Bæjarfulltrúar í Ísafjarðarbæ

Hafi ekki aðgang að trúnaðarmálum einstaklinga

Málefni einstaklinga sem koma til kasta barnaverndarnefnda og til félagsþjónustu sveitarfélaga eiga ekki að vera aðgengileg sveitarstjórnarmönnum í viðkomandi sveitarfélögum. Þetta kemur fram í svari félagsmálaráðuneytisins til starfsmanna sem vinna að þessum málum hjá Ísafjarðarbæ. Þeirri spurningu var beint til ráðuneytisins, hvort skilja beri á milli barnaverndarmála og annarra trúnaðarmála í fundargerðum fé-


lagsmálanefndar. Einnig var spurt hvort önnur trúnaðarmál en barnaverndarmál skuli vera aðgengileg bæjarstjórnarfulltrúum. Í svari sínu telur ráðuneytið það vandaða stjórnsýslu og í fullu samræmi við barnaverndarlög, að skilja á milli barnaverndarmála og annarra mála sem skráð eru sem trúnaðarmál í fundargerðum félagsmálanefndar. „Varðandi aðra spurningu telur ráðuneytið ljóst, að hvorki einstakl-

ingsmálefni innan barnaverndarnefndar né félagsþjónustu sveitarfélagsins eiga að vera aðgengileg bæjarstjórnarfulltrúum“, segir í svari ráðuneytisins. Svarbréf félagsmálaráðuneytisins var lagt fram á síðasta fundi félagsmálanefndar Ísafjarðarbæjar. Í bókun lýsir nefndin yfir ánægju sinni með svar ráðuneytisins. Líkt og í öðrum sveitarfélögum fær bæjarráð og síðan bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar fundargerðir

Minna um sérstök „átök“ í líkamsrækt eftir áramót

Jöfn ástundun allt árið

Mikil aðsókn er jafnan í líkamsrækt í janúar þegar fólk segir mörnum strið á hendur eftir vellystingar jólanna. Stefán Dan Óskarsson sem rekur líkamsræktarstöðina Stúdíó Dan á Ísafirði segir „nýársátök“ í heilsurækt þó vera á undanhaldi. „Fólk er farið að stunda heilsurækt miklu jafnara yfir árið. Þó fundum við fyrir aukinni aðsókn í janúar enda voru löng jól að þessu sinni“, segir hann. Jafnframt er það á undanhaldi að fólk taki sér frí í heilsuræktinni yfir jólin. Líkamsræktarstöðvar hafa brugðist við þessari þróun með lengdum opnunartíma yfir hátíðarnar. „Hérna var hópur fólks í „spinning“ á aðfangadagsmorgun“, segir Stefán og bætir við að þróunin sé greinileg síðan hann fór að starfa við líkamsræktarrekstur. „Áður fyrr kom fólk oft í einn eða tvo mánuði og datt svo út einhvern tíma. Núna er algengt að fólk sé að kaupa sex mánaða eða heils árs kort. Það sást ekki hérna fyrst“, segir hann. Líkamsræktin er einnig að beinast inn á mun fleiri svið en lóðalyftingar. Í Stúdíó Dan er til dæmis boðið upp á taílenskt nudd, jóga og box



Stefán Dan Óskarsson.

sem Stefán segir njóta vaxandi vinsælda. „Fólk er ekki að sækjast eftir ofbeldi heldur er þetta mjög góð æfing, fólk finnur fyrir útrás og finnst þetta skemmtilegt“, segir hann. Ísfríðingar og nærsveitungar eru duglegir að sækja tíma í spinning en jógaíðkun sækir fast á hæla þess í vinsældum. Auk almennra borgara sem sækja sér vellíðan í heilsuræktinni eru fjöl-

margir íþróttamenn sem iðka líkamsrækt til að bæta keppnisárangur sinn. „Ég hef átt mjög gott samstarf við íþróttafélögin. Hingað kemur iðulega fótbolta-, skíða- og körfuboltafólk sem notar líkamsræktina sem hluta af sínu æfingamynstri. Einnig hefur sundfélagið nýtt aðstöðuna hérna í nokkrum mæli“, segir Stefán Dan Óskarsson.

einstakra nefnda og ráða í bæjarkefnum í kynningarskyni, og þegar svo ber undir til afgreiðslu, þar á meðal fundargerðir félagsmálanefndar.

Málefni einstaklinga sem koma til kasta barnaverndarnefnda og til félagsþjónustu sveitarfélaga eiga ekki að vera aðgengileg sveitarstjórnarmönnum.





Nikkarar í ham á Landsmótinu á Ísafirði.

Samband íslenskra harmonikuunnenda

Gefur út tónlistarmyndband um landsmótið á Ísafirði

Samband íslenskra harmonikuunnenda hefur gefið út á myndbandi kvikmynd um Landsmótið sem haldið var á Ísafirði í júlí á nýliðnu ári. Framleiðandi myndarinnar er listamaðurinn Örn Ingi. Myndin sem er þriggja tíma löng er góð heimild um Landsmótið og upplifir áhorfandinn hið skemmtilega andrúmsloft sem þar ríkti.

Tónlistin er í fyrirrúmi þar sem fjölmörg lög koma fyrir óstýtt í flutningi gestanna á mótinu, fjórtán íslenskra harmonikufélaga og nokkurra erlendra nikkara. Á milli tónlistaratriðanna birtast viðtöl við forsprakka harmonikufélaganna, sem gefa áhorfandanum innsýn í metnað og framtíðarsýn harmonikuunn-

enda.

Hér um að hreinræktaða tónlistarmynd að ræða í anda tónleikamyndbanda þar sem óstýttum tónlistarflutningi er blandað saman við heimildafni. Styrkur myndarinnar felst meðal annars í lengd hennar og gengur mjög vel upp að fara þessa leið að viðfangsefninu. Hefðundið heimildamyndaform þar sem einungis væru gefin sýnishorn af helstu atburðum í styttri útgáfu hefði tæpast átt eins vel við.

Ljóst má vera af myndinni að harmonikutónlist stendur í blóma á landinu. Það kemur þeim sem ekki þekkja til nokkuð á óvart hversu fjölbreytt þessi tónlist er. Myndin er ekki síst vel til þess fallin



Nikkarar taka lagið á sjúkrahústúninu á Ísafirði.

að koma smávægis hita í kroppinn í janúarmyrkrinu. Svipmyndir af brennandi miðnætursól og seiðandi harmonikutónarnir verka eins og hlýtt loft úr suðri og koma af stað andlegum leysingum.

Mælt er með myndinni á hvert heimili og hvatt til þess að vinnulúna og veðurbarðar

fjölskyldur orni sér við langar júlínætur Landsmótsins. Áhugasömum er bent á að Ásgeir S. Sigurðsson á Ísafirði, formaður Harmonikufélags Vestfjarða, sér um dreifingu á myndinni hér vestra og má að setja sig í samband við hann til að kaupa eintak af spólinni.



ÍSAFJARÐARBÆR

AUKUM GÆÐI FERÐAÞJÓNUSTU

Ísafjarðarbær, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Vesturferðir standa fyrir fundi **Þriðjudaginn 28. janúar kl. 20:00 í húsnæði Fræðslumiðstöðvarinnar** (húsi Íshúsfélagsins) um námskeiðahald í ferðaþjónustu fyrir ferðaþjónustuaðila, verðandi leiðsögmenn, bílstjóra og starfsfólk í ferðaþjónustugreinum. Skorað er á alla sem áhuga hafa á meiri gæðum í ferðaþjónustu að kynna sér málið.

Ísafjarðarbær, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Vesturferðir.



Kennari

Menntaskólinn á Ísafirði auglýsir eftir kennara til að sinna kennslu fatlaðs einstaklings við útibú starfsbrautar á Hólmavík frá 1. febrúar 2003. Um er að ræða 21 kennslustund og fjóra tíma í umsjón með starfsnámi.

Umsækjendur þurfa að uppfylla skilyrði 6. gr. laga nr. 86/1998 um leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari. Starfskjör fara eftir kjarasamningi ríkisins og KÍ frá 7. janúar 2001.

Umsóknarfrestur er til 30. janúar nk.

Nánari upplýsingar gefa Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari í síma 450 4401 eða Emil Emilsson, umsjónarmaður brautarinnar í síma 450 4408.

STAKKUR SKRIFAR

Bræðralagið

Jæja! Sjálfstæðisflokknum tókst að stilla upp og skipti engu þótt konurnar krefðust þess að fá sæti Vilhjálms Egilssonar og svo framvegis niður eftir. Vilhjálmur fór til Bandaríkjanna til þess að gæta hagsmuna Íslendinga í Alþjóða gjaldeyrissjóðnum í Washington. Hann varð því aldrei þingmaður Vestfirðinga, en enginn veit hvað framtíðin ber í skauti í sér. Kannski kemur hann til pólitískra starfa síðar og jafnvel fyrir Norðvesturkjördæmi.

Það vekur athygli að listinn er skipaður karlmönnum í fimm efstu sætum. Eðlilegt verður að teljast að konur í Sjálfstæðisflokknum telji hlut sínum ekki nægilega borgið. En það var haldið prófkjör og þótt það hafi verið haldið ýmsum ágöllum er þessi niðurstaðan. Jóhanna Pálmadóttir vildi sæti Vilhjálms en Adolf Bermdsen fékk það. Hún segir engin eftirmál verða. Megi hún reynast sannspá. Stjórnmalálífi Íslendinga er þannig hátað að átökinn snúast of oft um menn en miklu síður um málefni.

Ísland er örríki á heimsvísu, nær varla stærð sumra meðalstórra sveitarfélaga úti í hinum stóra heimi. Stjórnkerfið er of flókið, kostar of mikið fé og allt of mikil átök milli manna og smárra byggðarlaga innbyrðis. Íslendingar missa gjarnan sjónar á stóru málunum, en geta endalaust deilt um hin smáu. Einkanlega verður þessa vart um ýmis málefni landsbyggðarinnar, sem vissulega á í vök að verjast. Hver eru helstu hagsmunamál Vestfirðinga nú um stundir? Kvótinn eða öllu heldur kvótaleyssið, segja margir. Þá verður

manni litið til næstu fortíðar og sér að Vestfirðingar sátu af sér ýmis tækifæri til kvótakaupa, en fóru að ráðum alþingismanna og fleiri í þeim efnunum, að því er best verður séð.

Hver eru málefni nánustu framtíðar? Öruggt atvinna og fleiri íbúar. Mátturinn lamast með stöðugt fækkandi íbúum á Vestfjörðum. Samt er ekki að sjá nein ráð önnur en að brúka smáskammtalækningar. Litið er til ferðaþjónustu eftir björguninni, en margt er ógert til þess að hún freisti svo margra að það hafi umtalsverð efnahagsleg áhrif á Vestfjörðum. Landbúnaður er á fallanda fæti. En ljósið skín langt og mjótt. Þorskelldi lofar enn góðu enda fer þar fyrir traust fyrirtæki, Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf. Lausnanna er víðar að leita en í pólitísku bræðralagi þótt gott sé. Hins vegar verður mörgum landsbyggðarmanninum á að reka upp stór augu þegar Reykvíkingar hefja upp raust sína og vilja ekki virkjanir og stóriðju úti á landi af því það hentar þeim ekki.

Það er deginum ljósara að þeir sem búa á landsbyggðinni verða að ráða sínum hlut nokkuð. Fjarstýring frá Reykvíkingum verður til þess að ein-göngu sumarbústaðir fá þrífist úti á landi. Bræðralag pólitíkusa og sömu-leiðis landsbyggðarfólks og höfuðborgarbúa er Íslandi nauðsyn. Annars hverfur byggðin nema syðra. Það verður leiðinlegt.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

SPURNINGIN

Spurt var:

Ertu sátt(ur) við að Funi taki við sjúkrahússorpi að sunnan?

Alls svöruðu 771.
Já sögðu 586 eða 76,01%
Nei sögðu 157 eða 20,36%
Veit ekki sögðu 28 eða 3,63%

Netspurningin er birt vikulega á **bb.is** og þar gefa lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Þar sem púlsinn slær...





Jóna Pálmadóttir ásamt Sigurði Ólafssyni í Árnastofu.

Kiwanisklúbburinn Básar á Ísafirði

Tekur í notkun Árnastofu í minningu Árna Sædal

Kiwanismenn á Ísafirði komu saman á föstudaginn til að halda upp á nýjasta áfangann í uppbyggingu félagsaðstöðu Kiwanisklúbbsins Básar í Sigurðarbúð fyrir botni Skutulsfjarðar. Þar hafa þeir nú innréttað glæsilega setustofu með bar inn af aðalsal hússins. Nýja salnum var gefið nafnið Árnastofa eftir Árna heitinum Sædal, sem starfaði um árabil með



Ánægðir Kiwanismenn á hátíðisstund.

Kiwanishreyfingunni. Það var Jóna Pálmadóttir, ekkja Árna, sem vígði setustofuna og gaf henni nafn við hátíðlega athöfn.



Kiwanismenn fagna vígslu Árnastofu á föstudag.



Gestir fá sér af gírnilegu hlaðborðinu.



Chateau d'Ax Country
3+1+1 með leðuráklæði

Verð áður kr. 249.800,-

Nú 100.000 kr. afsl.!

249.800,- stgr.

Hernsófi verð áður kr. 152.900.-
Afsláttur kr. 45.870.-
Verð nú kr. 107.030.-

Hjónarúm verð áður kr. 115.900.-
Afsláttur kr. 28.750.-
Verð nú kr. 86.150.-

Stakur sófi verð áður kr. 72.500.-
Afsláttur kr. 18.125.-
Verð nú kr. 54.375.-

Sofaborð verð áður kr. 28.000.-
Afsláttur kr. 14.000.-
Verð nú kr. 14.000.-

Sjónvarpsskópur verð nú kr. 73.700.-
Afsláttur kr. 22.110.-
Verð nú kr. 51.590.-

Stengurverasett
20-50% afsláttur

Pífulök
40 % afsláttur

Borðstofusett,
eldhúsbord
og stólar

Stakir stólar
og margt fleira



HÚSGAGNALOFTIÐ
SÍMI 466 4666 • SÍKI 01 1 • 401 BLÁFJÖRÐUR

helgardagbókin

skemmtanir • fundir • fólk • sjónvarp • veður • íþróttir • fréttir • kirkjustarf

smáar

Til leigu er stór íbúð á eyrinni á Ísafirði. Uppl. í síma 896 3387.

Okkar árlega sólarcaffi verður í Vagninum á Flateyri sunnudaginn 26. janúar frá kl. 15-17. *Kvenfélagið Brynja*.

Hið árlega sunnukórball verður haldið laugardaginn 25. janúar í Félagsheimilinu í Hnífsdal og hefst kl. 20:30. Skráning og miðasala í Vestursporti.

Bolvíkingar athl. Skríðsundnámskeið fyrir fullorðna hefst laugardaginn 1. febrúar. Skráning er hjá Sólveigu og Halldóru Dagnýju.

Óska eftir ísskáp, annað hvort gefins eða fyrir lítinn pening. Uppl. í síma 868 3190.

Til sölu er grár Silver Cross barnavagn. Verð kr. 10 þús. Uppl. í síma 865 4212.

Ung kona í Bolungarvík óskar eftir sófasetti og sjónvarpi fyrir lítinn pening eða gefins. Uppl. í síma 866 1045 eftir kl. 16 eða í síma 456 7120 e. kl. 19.

Vegna æfinga á Söngvaseiði vantar Tónlistarskóla Ísafjarðar pianó að láni á næstu vikum. Góðri meðferð og stillingu lofa. Nánnari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 456 3926.

Til sölu er WV Passat, árg. 97, ekinn 82 þús. km. Verð 850 þús. Uppl. í síma 847 3428.

Til sölu er Nissan Patrol árg. 96, 35" með mæli, ekinn 79 þús. km. Toppentak. Uppl. í síma 456 7339 og 894 1340.

Þorrablot Hnífsdælinga verður haldið laugardaginn 1. febrúar í Félagsheimilinu í Hnífsdal. Miðapantanir hjá Lindu í síma 456 3106, Grétu Skúla í síma 899 3628 eða Sigu í síma 456 3654.

Kona með tvö börn óskar eftir 4ra herb. íbúð frá og með júní. Reykir ekki. Upplýsingar gefur Asgerður í síma 462 4857.

Erum að byrja að búa og okkur vantar ísskáp og þvottavél, helst gefins eða fyrir lítinn pening. Uppl. í síma 456 4510.

Til leigu er 3ja herb. íbúð á Ísafirði. Laus 1. febrúar. Uppl. í síma 456 4212 og 893 1769.

Viltu léttast og ná varanlegum árangri? Hringdu þá núna og fæðu fría ráðgjöf. Edda Borg, sími 896 4662.

Óska eftir 3ja herb. íbúð til leigu á Ísafirði. Upplýsingar í síma 897 6709.

Langar þig í naggrsi (tvær konur)? Uppl. í sínum 865 6383 og 894 8263.

Til sölu eru fjögur BF Goodrich vetrardekk ST 215 75 15, hálf slitin. Verð kr. 10 þús. Uppl. í síma 899 5361.

Til sölu er MMC L-300, átta manna sendibíll, 4X4, árg. 89, ekinn 200 þús. km. Uppl. í síma 868 4080 eftir kl. 16.

Til sölu er Suzuki Vitara 31X, árg. 07/98, 4X4. Verð 900 þús. Uppl. í síma 849 0113.

Þorrablot Áttahagafélags stranda-manna verður haldið í Félagsheimilinu í Hnífsdal 8. febrúar. Sjá nánar Á döfinni á bb.is.



SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 24. janúar

16.35 At
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Gulla grallari (30:52)
18.30 Falin myndavél (54:60)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.10 Geimstúlkan Zenon. (Zenon: Girl of the 21st Century) Ævintýramynd frá 1999. Zenon er 13 ára stúlka sem býr í geimstöð árið 2049. Henni sinnast við eiganda stöðvarinnar og hann sendir hana til jarðar í refsingarskyni. Þar eignast hún vini og fær þá til að hjálpa sér að komast út í geiminn aftur og ná sér niðri á fólani. *Aðalhlutverk: Kirsten Storms, Raven-Symone, Stuart Pankin, Holly Fulger og Frederick Coffin.*
21.50 Af fingrum fram. Jón Ólafsson spjallar við íslenska tónlistarmenn og sýnir myndbrot frá ferli þeirra. Gestur hans í kvöld er Jóhann G. Jóhannsson.
22.35 Fullkomið morð. (A Perfect Murder) Bandarísk spennumynd frá 1998 um auðkýfing sem á allt sem hann þráir utan eitt: Trygð konu sinnar, og því tekur hann til sinna ráða. *Aðalhlutverk: Michael Douglas, Gwyneth Paltrow og Viggo Mortensen.*
00.20 Dick Tracy. Bandarísk hasar-mynd frá 1990. Tess Trueheart þráir það heitast að lifa kyrrlátu lífi með kærasta sínum, einkaspejaramum Dick Tracy, en hann þarf að sinna brýnum erindum fyrst. Leikstjóri er Warren Beatty og hann leikur jafnframt aðalhlutverk ásamt Charlie Korsmo, Glenn Headly, Al Pacino og Madonna. e.
02.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

Laugardagur 25. janúar

09.00 Morgunundin okkar
09.02 Mummi bumba (4:65)
09.07 Andarteppa (4:26)
09.19 Bingur (4:13)
09.26 Malla mús (44:52)
09.33 Undrahundurinn Merlín
09.45 Fallega húsið mitt (30:30)
09.52 Lísá (19:21)
09.57 Babar (59:65)
10.25 Harry og hrukkudýrin (4:7)
10.50 Viltu læra íslensku? (3:22)
11.10 Kastljósið
11.35 At
12.05 Geimskipið Enterprise
13.45 Mósakí
14.25 Þýski fótboltinn. Bein útsending frá leik í fátalsdeildinni.
16.25 Táknmálsfréttir
